# FRÉTTABLAÐIÐ

107. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. MAÍ 2018




**Í kvöld er komið að stóru stundinni hjá Ara Ólafssyni og laginu Our Choice er fyrri undanúrslitariðillinn í Eurovision fer fram. Í könnun MMR telja 49 prósent svarenda að Ari komist áfram en 51 prósent er á því að hann falli úr leik. Lokaæfing fór fram á sviðinu í Lissabon í gær og þá tók íslenski hópurinn vel á því með Ara í fylkingarbrjósti.** Sjá síðu 30 MYND/EUROVISION.TV

# Afgerandi forysta Samfylkingar

**Samfylkingin, VG og Píratar gætu myndað meirihluta ef kosið yrði til borgarstjórnar núna. Samfylkingin er stærsti flokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn næststærstur.**

**KOSNINGAR** Samfylkingin er stærsti flokkurinn í Reykjavík samkvæmt nýrri könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert. Mælist Samfylkingin með 30,5 prósenta fylgi. Sjálfstæðisflokkurinn er næststærsti flokkurinn og mælist með 22,4 prósent.

Þriðji stærsti flokkurinn er VG með tæplega 11 prósent. Viðreisn er með rúm 8 prósent, Píratar með 7,5 prósent og Miðflokkurinn með rúmlega 7 prósent. Þá fengi Flokkur fólksins 2,8 prósent og Framsóknarflokkurinn og Kvennaframboðið fengju 2,5 prósent hvor flokkur. Borgin okkar, sem er framboð Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, fengi 1 prósent. Alþýðufylkingin, Karlalistinn og Höfuðborgarlistinn fengju minna en 1 prósents fylgi. Svarendur í könnuninni nefndu hvorki Frelsisflokkinn né Íslensku þjóðfylkinguna.

Ef niðurstaða kosninga yrði í takti við þessa nýju könnun fengi Samfylkingin 8 borgarfulltrúa, Sjálfstæðisflokkurinn fengi 6, VG fengi 3 og Viðreisn, Píratar og Miðflokkurinn fengju 2 fulltrúa hver flokkur.

**Könnun 7. maí**




Miðflokkurinn
Píratar
Samfylkingin
Sjálfstæðisflokkurinn
Sósíalistaflokkurinn
Viðreisn
VG
Flokkur fólksins

Þeir flokkar sem núna mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, það er Samfylkingin, VG og Píratar, fengju samanlagt 13 borgarfulltrúa af 23 og gætu því myndað meirihluta áfram.

Hringt var í 1.050 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 796 samkvæmt lagskiptu úrtaki 7. maí. Svarhlutfallið var 75,8 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri.

Alls tóku 52,9 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 11,4 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 17,6 prósent sögðust óákveðin og 18,0 prósent vildu ekki svara spurningunni. **– jhh**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorkell Helgason segir fyrirkomulag kosninga forneskjulegt. 13

**SPORT** Martin Hermannsson fékk spennandi tilboð frá Ítalíu. 18

**TÍMAMÓT** Hjólar hringinn í kringum landið og lýkur för á Vogi. 20

**LÍFIÐ** Samfélag EVE Online spilara er efni fyrstu myndar Jóns Bjarka Magnússonar sem hann gerði sem hluta af meistaranámi í sjónrænni mannfræði. 28




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS

Vikulegir útdrættir

Mestu vinningslíkurnar - skynsamlegasti kosturinn

Nýtt happdrættisár hefst í maí

• Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða
• Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

## Veður




Austlæg átt 3-10 m/s í dag. Rigning öðru hverju, einkum suðaustanlands, en yfirleitt þurrt norðantil á landinu. Vaxandi norðaustanátt á Vestfjörðum um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 22

# Skin á milli skúra



Umskipti eru orðin í veðri eftir sérkennilega viku með éljagangi og sólarglennum á víxl. Fram undan er hlýrra veður á suðvesturhorninu, jafnvel með sólskini og yfir tíu stiga hita í Reykjavík á laugardag ef marka má spár Veðurstofu Íslands. Rigningarskúrir verða hins vegar ekki langt undan næstu daga. Samspil ljóss og veðurs skapar oft fallegar myndir eins og þegar þessi flugvél kom inn til lendingar á Reykjavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Allt í háaloft í Hörpu

**KJARAMÁL** „Það er fáránlegt að það hvarfli ekki að forstjóranum að hún taki á sig launalækkun sjálf," segir starfsmaður Hörpu. Þar sögðu 20 þjónustufulltrúar upp í gær eftir fund með forstjóranum að því er segir í yfirlýsingu þeirra.

Liðlega helmingur af um 30 þjónustufulltrúum í Hörpu mætti á fund í Háuloftum með Svanhildi Konráðsdóttur forstjóra síðdegis í gær. Tilefnið var fréttir Fréttablaðsins af 20 prósenta launahækkun Svanhildar í fyrra á sama tíma og þjónustufulltrúarnir létu undan kröfum og tóku á sig um 16 prósenta launalækkun.

„Við vorum ekki sátt en hún sagðist oft vera að snúa við hverjum einasta steini til að bæta rekstur Hörpu. En svo var hún þá búin að fá launahækkun. Það er fáránlegt að kíkja ekki á stærsta steininn," segir starfsmaðurinn sem ekki vill láta nafns síns getið.

Þjónustufulltrúinn útskýrir að fyrir um tveimur árum hafi hópurinn á gólfinu fengið launahækkun samhliða útvíkkun á starfsskyldum. Að sögn hans var fundurinn með forstjóranum í gær mikil vonbrigði. Komið hefði fram hjá Svanhildi að hún sjálf ætlaði ekki að taka á sig launalækkun. Þjónustufulltrúarnir fengju ekki aftur sömu laun og þeir voru á fyrir lækkun, eins og þeir báðu um. „Flestir þjónustufulltrúanna sem mættu á fundinn sögðu upp snögglega eftir að fundurinn var búinn. Það eru flestir því annaðhvort búnir að segja upp eða ætla að gera það," segir hann.

Ekki náðist í Svanhildi Konráðsdóttur í gærkvöldi. **– gar**



**Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu.**



**Börn í Kulusuk á Grænlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Enskan númer eitt á Grænlandi

**GRÆNLAND** Kenna á ensku sem fyrsta erlenda tungumálið í grunnskólum á Grænlandi. Þetta er markmið nýrrar stjórnar Grænlands, að því er kemur fram í stjórnarsáttmála hennar. Nú er kennsla í grænlensku, dönsku og ensku í skólunum. Leggja á meiri áherslu á kennslu í ensku í framtíðinni þar sem Grænland er að verða hluti af alþjóðasamfélaginu.

Markmið flokkanna fjögurra sem myndað hafa stjórn er samtímis að árangur nemenda batni í öllum þremur tungumálunum. **– ibs**

# Rabbíni hópfjármagnar flutning sinn til Íslands

## Sex milljónir söfnuðust á hálfum sólarhring til að fyrsti rabbíninn geti flutt með fjölskylduna til Íslands á sunnudag. Stefnt er að opnun fyrstu sýnagógunnar hér á landi. Rabbíninn hyggst beita sér gegn umskurðarfrumvarpi á Alþingi.

**TRÚMÁL** Rabbíninn Avi Feldman mun ásamt eiginkonu sinni Mushky og dætrum tveim flytjast til Íslands á sunnudaginn, með það fyrir augum að setja á laggirnar fyrstu íslensku sýnagóguna.

Feldman-hjónin stofnuðu hópfjármögnunarsíðu fyrir flutningana og söfnuðust sex milljónir króna á aðeins hálfum sólarhring.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum stendur til að Avi verði fyrsti rabbíninn með fasta búsetu á Íslandi eftir að hafa verið kjörinn til þess í byrjun febrúar síðastliðins. Reykjavík hefur lengi verið eina höfuðborgin í Evrópu án rabbína eða bænastaðar fyrir gyðinga.

Hingað til hefur verið flogið með rabbína sérstaklega til landsins til að þjónusta íslenska gyðingasamfélagið, sem í eru á þriðja hundrað manns, auk þúsunda ferðamanna.

Rabbíninn Avi Feldman tilheyrir hinum strangtrúaða Chabad-söfnuði en í tölvupósti til stuðningsmanna og fylgjenda sem sendur var á sunnudagskvöld var tilkynnt að fjáröflun væri hafin fyrir flutninga fjölskyldunnar til Íslands. Takmarkið var að safna 50 þúsund bandaríkjadölum á sólarhring.

„Ísland er afskekkt eyja. Það er margt sem þarf að flytja inn og þar er dýrt að búa. Því leitum við til ykkar til að styrkja ferðalag okkar til Íslands og ná settu markmiði," segir í kynningu hópfjármögnunarinnar.

Og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Aðeins rúmum 10 klukkustundum síðar barst áskrifendum fréttabréfs rabbínans tölvupóstur þess efnis að takmarkinu væri náð. Ríflega 50 þúsund dalir höfðu safnast, eða sem nemur rúmum fimm milljónum króna. Og stóð í sem nemur sex milljónum króna þegar þessi frétt var skrifuð. Þegar markinu var náð var stefnan sett á að ná 90 þúsund dölum, en enn liggur ekki fyrir hvort það hafi náðst.



**Hjónin Avi og Mushky Feldman með dætrum sínum, Chana og Batshev.** MYND/JEWISHICELAND.COM

> **Það er margt sem þarf að flytja inn og þar er dýrt að búa. Því leitum við til ykkar til að styrkja ferðalag okkar til Íslands og ná settu markmiði.**
>
> Avi og Mushky Feldman

Á hópfjármögnunarsíðunni Charidy.com má sjá að ótal framlög bárust með skilaboðum og heillaóskum um gott gengi á Íslandi. Hæsta framlagið til söfnunarinnar hljóðaði upp á fjögur þúsund dali, rúmar 400 þúsund krónur. Fyrirkomulag söfnunarinnar var þannig að hverju framlagi var mætt með mótframlagi frá stuðningsaðilum verkefnisins.

Segjast verður að aðferðin við fjármögnun flutninganna sé nýstárleg og athyglisvert hversu skamman tíma tók að safna svo hárri fjárhæð.

Avi Feldman hefur lýst því yfir að hann muni leggja sín lóð á vogarskálarnar við að berjast gegn umskurðarfrumvarpinu svokallaða sem leggur til bann við umskurði drengja nema í læknisfræðilegum tilgangi. Frumvarpið, sem var lagt fram í byrjun janúar, hefur kallað fram heitar umræður en ríflega 130 umsagnir bárust þinginu frá bæði öflugum stuðningsmönnum og andstæðingum þess víðs vegar að úr heiminum.

Tímasetning tilkynningar um að rabbíninn hefði verið skipaður fyrir Ísland var því ekki tilviljun og kom í raun í mesta fárinu í þjóðfélagsumræðunni um það. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í lok síðasta mánaðar mun allsherjar- og menntamálanefnd ekki hleypa umskurðarfrumvarpinu til þinglegrar meðferðar og vísa því til ríkisstjórnar.

Frumvarpið umdeilda lifir því áfram, þó örlög þess og bannsins við umskurði séu enn óráðin. Avi rabbíni fagnaði þessum áfangasigri á dögunum, en nú er hann spenntur fyrir yfirvofandi flutningum.

„Við erum auðmjúk og full þakklætis í garð allra sem opnuðu hjörtu sín og hjálpuðu okkur að láta Íslandsdrauminn verða að veruleika," segja Feldman-hjónin í tilkynningu sem þau sendu frá sér þegar hinu háleita 50 þúsunda dala markmiði var náð. **mikael@frettabladid.is**






## Passat GTE á betra verði. Góð ástæða til að skipta um orkugjafa.

Á **Passat GTE** kemstu flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Þú þarft aldrei aftur að fara inn í kaldan bíl eða týna honum á bílastæðinu. Í gegnum Car-Net appið getur þú notað snjallsímann sem fjarstýringu fyrir þinn Passat GTE. Komdu í reynsluakstur og upplifðu snerpuna.

### Passat GTE

**Bakkmyndavél, LED aðalljós, 17" álfelgur ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**3.990.000** kr.*

### Passat GTE Comfort

**Bílastæðaaðstoð, lyklalaust aðgengi, leiðsögukerfi ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**4.590.000** kr.

### Passat GTE Premium

**Sóllúga, WiFi, 18" álfelgur, leðursæti ofl.**

Vistvænt tilboðsverð

**5.290.000** kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

*Passat Variant, station útgáfa +100.000 kr.

**Við látum framtíðina rætast.**

Til afhendingar strax!

Volkswagen

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Segja erlenda dýralækna nauðsynlega

**DÝRAHALD** Matvælastofnun telur að án ráðningar erlendra dýralækna geti stofnunin ekki sinnt skyldum sínum. Án opinbers dýralæknis geti sláturhús ekki starfað.

Umboðsmaður Alþingis segir í nýju áliti að ráðning Matvælastofnunar á erlendum dýralæknum til starfa í opinberri þjónustu fullnægi ekki skilyrði laga um að þeir hafi vald á íslenskri tungu.

Matvælastofnunin segir að hlutfall erlendra dýralækna sem þar starfi hafi aukist undanfarin ár þar sem ekki hefur tekist að ráða íslenskumælandi dýralækna í tiltekin störf. Ítrekað hafi tilteknar stöður dýralækna verið auglýstar lausar án þess að dýralæknar með vald á íslenskri tungu hafi sótt um. Við slíkar aðstæður hafi erlendir dýralæknar verið ráðnir.

„Hjá Matvælastofnun starfa í dag um 35 dýralæknar í fullu starfi. Um þriðjungur þeirra er erlendur og stærstur hluti þeirra með takmarkað vald á íslenskri tungu. Stofnunin ræður auk þess dýralækna frá EES-ríkjum í tímabundnar ráðningar yfir sláturtíðina,“ segir í tilkynningu frá Matvælastofnun.

Á annan tug erlendra dýralækna hafi verið ráðnir til slíkra starfa í haust.

„Ljóst er að án dýralækna mun Matvælastofnun ekki geta sinnt lögbundnum skyldum sínum. Í sláturhúsum er krafa um viðveru opinbers dýralæknis við alla slátrun, í þeim tilgangi að fylgja eftir kröfum um velferð dýra og öryggi afurða. Án viðveru opinbers dýralæknis geta sláturhús þar með ekki starfað,“ segir í tilkynningunni. **– jhh**



**Án viðveru dýralæknis er ekki hægt að slátra dýrum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kennarar með nýjan samning

**KJARAMÁL** Nærri 70 prósent þeirra sem greiddu atkvæði um nýjan kjarasamning Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum samþykktu nýjan kjarasamning. Tæplega 30 prósent greiddu atkvæði á móti.

Á vef Kennarasambands Íslands segir að launaliður samningsins sé til samræmis við launalið þeirra kjarasamninga sem stéttarfélög opinberra starfsmanna hafa skrifað undir síðustu mánuði. Samningstíminn er út mars 2019. Af 1.498 á kjörskrá greiddu 1.043 atkvæði.

Eins og fram hefur komið felldu grunnskólakennarar sinn samning. Samningafundur þeirra við samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga verður á föstudag. **– jhh**



**Í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Níu framboð gild í Kópavogi

**KOSNINGAR** Níu framboðslistar skiluðu gildu framboði til sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi, að því er kemur fram í tilkynningu frá bæjarskrifstofunni.

Framboðin eru B-listi Framsóknarflokks, C-listi BF Viðreisnar, D-listi Sjálfstæðisflokks, J-listi Sósíalistaflokks Íslands, K-listi Fyrir Kópavog, M-listi Miðflokks, P-listi Pírata, S-listi Samfylkingar og V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Flokkar sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn í dag eru Sjálfstæðisflokkur, Samfylking, Björt framtíð, Framsóknarflokkur og Vinstri græn. **– gar**

# ÍA biður Guðrúnu afsökunar

**Formaður knattspyrnudeildar ÍA segir félagið hafa brugðist í máli Guðrúnar Daggar Rúnarsdóttur og Marks Doninger. Hann biður Guðrúnu Dögg afsökunar og segir félagið verða að læra af þeim mistökum. Allir starfsmenn fá fræðslu um ofbeldi og verkferla ÍA.**

**HEIMILISOFBELDI** Magnús Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar ÍA, segir félagið þegar á árinu 2014 hafa horfst í augu við fortíðina og reynt sem allra best að draga lærdóm af því sem betur mátti fara í ofbeldismáli leikmanns félagsins, Marks Doninger, gegn kærustu hans Guðrúnu Dögg Rúnarsdóttur árið 2011.

Til að læra af erfiðri reynslu var í framhaldinu sett af stað vinna á vegum félagsins við að útbúa viðbragðsáætlun. Niðurstaðan var að setja á fót sérstakt fagráð sem hefur það meginhlutverk að veita álitsgjafi vegna alvarlegra agavandamála.

Guðrún Dögg sagði í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins sögu sína um ítrekað ofbeldi sem hún varð fyrir af hendi þáverandi kærasta síns á meðan hann starfaði sem knattspyrnumaður hjá ÍA. Félagið breytti að hennar mati ekki rétt í málinu.

„Við hjá ÍA fullyrðum að við munum vinna hlutina allt öðruvísi komi viðlíka mál upp hjá okkur í framtíðinni en auk þess hefur umræðan í samfélaginu haft þau áhrif að við erum almennt betur undirbúin að taka á erfiðum málum. Það skiptir miklu máli að taka svona mál alvarlega og að hvers konar ofbeldi, áreitni eða óæskileg hegðun verður alls ekki liðin hjá félaginu,“ segir Magnús.



**Guðrún Dögg lýsti í Fréttablaðinu vinnubrögðum ÍA-manna eftir að hún varð fyrir ofbeldi af hálfu eins liðsmanna félagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Ég vil fyrir hönd félagsins enn og aftur biðja Guðrúnu Dögg og fjölskyldu hennar afsökunar.**



Magnús Guðmundsson, Formaður knattspyrnudeildar ÍA

Fram undan er vinna við að fræða starfsmenn og leikmenn. „Við höfum á síðustu mánuðum farið yfir okkar mál með Knattspyrnusambandi Íslands, Íþróttasambandi Íslands sem og Akraneskaupstað og á næstu vikum munum við fræða alla okkar starfsmenn og þjálfara um ofbeldi sem þetta í samvinnu við Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, sem sérhæfir sig í að veita stuðning og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis,“ bætir Magnús við.

Mark Doninger lék alls þrjátíu leiki fyrir ÍA árin 2011 og 2012.

„Knattspyrnufélagið harmar framangreint mál og lítur það mjög alvarlegum augum en það reyndist öllum sem að því komu mjög viðkvæmt og erfitt og ég vil fyrir hönd félagsins enn og aftur biðja Guðrúnu Dögg og fjölskyldu hennar afsökunar. Stefna okkar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilega háttsemi er skýr og við munum fylgja henni í framtíðinni,“ undirstrikar Magnús. **sveinn@frettabladid.is**

### Úr Hæstaréttardómi yfir Mark Doninger



„Fyrir líkamsárás á [...], aðfaranótt sunnudagsins 22. maí 2011, á skemmtistaðnum [...] með því að hafa kýlt [...] einu hnefahöggi með krepptum hnefa í andlitið á vinstri kjálkann þannig að hún féll niður á „poolborð“ sem hún sat á, og fyrir að hafa gert atlögu að henni fyrir utan skemmtistaðinn stuttu síðar, með því að henda henni í götuna, rífa í hár hennar og ýta henni ítrekað niður er hún reyndi að reisa sig við, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og bólgu á kjálkabeini vinstra megin, mar og yfirborðsáverka á hné og fótlegg og tognun á ökkla.“

[...]

„Fyrir líkamsárás á [...], aðfaranótt sunnudagsins 30. október 2011, á heimili ákærða [...] með því að hafa ráðist á [...], dregið hana á hárinu inn í svefnherbergi þar sem hann henti henni upp í rúm, settist ofan á hana og sló hana utan undir, tók um munn hennar og nef með þeim afleiðingum að hún átti erfitt með andadrátt og að því loknu skallað hana í andlitið þannig að enni hans lenti á munni hennar allt með þeim afleiðingum að hún hlaut yfirborðsáverka í andliti og á hálsi og að báðar varir hennar sprungu þannig að úr blæddi.“


makita

RAFHLÖÐUGARÐVERKFÆRI

● Sláttuvélar ● Hekkklippur ● Keðjusagir ● Sláttuorf
● Grasklippur ● Greinaklippur ● Blásarar ● Laufsugur

Makita rafhlöðugarðverkfærin eru ýmist fyrir eina eða tvær 18 v rafhlöður
– sömu rafhlöður og eru í öðrum Makita 18 v rafhlöðuverkfærum –
Hraðhleðslutæki, sem tekur 2 rafhlöður í einu, er fáanlegt.
Makita rafhlöðuverkfærin er þekkt fyrir gæði og endingu.
Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnesi 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is








## Hreint vatn

Grænmeti sem ber merkið okkar
er ræktað með hreinu, íslensku vatni.
Hvaða vatn fer í gegnum grænmetið þitt?

islenskt.is



Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Segja ráðherra skerða kjötkvóta

**VIÐSKIPTI** „Félag atvinnurekenda mótmælir þessum áformum ráðuneytisins harðlega,“ segir í bréfi félagsins til Kristjáns Þórs Júlíussonar landbúnaðarráðherra vegna áforma ráðherrans um að „skerða einhliða tollfrjálsa innflutningskvóta fyrir kjöt“.

FA vísar í frétt á vef ráðuneytisins um að ráðherra ætli að fara að tillögu starfshóps frá 2016 um að „við útreikning á magni tollkvóta við innflutning verði miðað við ígildi kjöts með beini, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar“.

FA segir að í tollasamningi Íslands og ESB sé hvergi kveðið á um að innflutningskvótar fyrir kjöt miðist við kjöt með beini. Algjörlega forkastanlegt sé að ráðherra áformi „að hafa af neytendum stóran hluta þess ávinnings, sem í samningnum felst“, eins og segir í bréfi FA. – **gar**

## Loftárás Sádi-Araba í Sana



Forsetahöllin í Sana, höfuðborg Jemen, er rústir einar eftir loftárás Sádi-Araba í borginni í gær. Að minnsta kosti sex eru látnir og þrjátíu særðir. Samkvæmt AP-fréttastofunni voru allir hinna látnu óbreyttir borgarar. Á blaðamannafundi í Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu, sagði Turki al-Maliki ofursti að forsetahöllin hefði verið skotmark vegna þess að þar hefðu háttsettir uppreisnarmenn úr röðum Húta haldið til. NORDICPHOTOS/AFP

# Ráðherra ferðamála vill herða eftirlitið

**Ráðherra ferðamála segir að tryggja þurfi betur að allir standi skil á sköttum og borgi lögleg laun í ferðaþjónustunni. Telur frekar þörf á auknu eftirliti en breytingum á lögum og reglum. Talsmenn íslenskra fyrirtækja segja eftirlitið eingöngu beinast að íslenskum aðilum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er algjört grundvallaratriði að tryggja að allir borgi lögleg laun og standi skil á sköttum og gjöldum og við þurfum að gera betur í því,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, vegna fréttar í Fréttablaðinu í gær um erlend ferðaþjónustufyrirtæki og undirboð á vinnumarkaði.

Kolbrún segir að greiningar sem unnar hafi verið um þessi efni bendi til þess að mikilvægast sé að auka eftirlit og herða eftirfylgni með gildandi reglum, frekar en að stór brotalöm sé í sjálfum reglunum.

Ráðherra vísar þó til nokkurra frumvarpa sem liggi fyrir þinginu núna sem ætlað er að bæta úr brotalömum í regluverkinu og varði meðal annars öryggisáætlanir, úrbætur vegna launakjara starfsmanna erlendra fyrirtækja og um aðgerðir og hert eftirlit gegn skattaundanskotum.

Forsvarsmenn íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála því að herða þurfi eftirlit og nefna til dæmis vettvangseftirlit Ríkisskattstjóra á ferðamannastöðum og segja því eingöngu beint að íslenskum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra.

Guðrún Jenný Jónsdóttir hjá embætti Ríkisskattstjóra segir ekki rétt að vettvangseftirlitinu sé eingöngu beint gegn íslenskum fyrirtækjum.

> **Það er algjört grundvallaratriði að allir borgi lögleg laun og standi skil á sköttum og gjöldum og við þurfum að gera betur í því.**
>
> Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála



„Embættið er með vettvangseftirlit í samstarfi við lögreglu og það sem við erum að kanna er hvort viðkomandi leiðsögumenn, bílstjórar og aðrir starfsmenn í þessum ferðum, séu rétt skráðir á Íslandi og séu að skila þeim sköttum og gjöldum sem á að skila hér á landi,“ segir Guðrún. Yfir háannatímann séu sjö manns sem sinni svona eftirliti á helstu ferðamannastöðum.

Einnig hefur verið gagnrýnt að umræddum erlendum fyrirtækjum sé hampað á vefsíðum íslenskra markaðsátaka eins og Inspired by Iceland, þótt þau skili litlu sem engu inn í hagkerfið. Á vefsíðunni inspiredbyiceland.com má finna lista yfir íslensk og erlend ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða ferðir hér á landi.

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu hjá Íslandsstofu, segir þau ekki sinna eftirliti og hafi engar forsendur til að meta hvort fyrirtæki stundi ólöglega starfsemi. Almennt sé ekkert óeðlilegt að kynna erlend fyrirtæki líkt og íslensk, enda vilja margir vera með leiðsögumann frá sínu heimalandi.

Inga Hlín segist þó muna eftir tveimur tilvikum um að fyrirtæki hafi verið fjarlægð af umræddum lista yfir þjónustuaðila vegna ábendinga frá öruggum aðila.

Bandaríska fyrirtækið Backroads, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, er samkvæmt heimildum blaðsins annað þeirra fyrirtækja sem fjarlægð voru af fyrrnefndri vefsíðu vegna tilkynningar frá ASÍ um undirboð og brot á réttindum launafólks. **adalheidur@frettabladid.is**


VERTU REYKLAUS

Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL

15% AFSLÁTTUR*

* 2MG og 4MG 204 stk pakkningum. Gildir af öllum bragðtegundum.



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

**TILBOÐ**

## HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR 18V

18v sett í þremur töskum
Settið inniheldur:
Fjölnota sög
Hjólsög
Slípirokk
Borvél
SDS + Borvél
Skrúfvél
Hleðslutæki
3x Rafhlöður 18v 5 Ah

vnr 94DCK654P3T

**165.000** m/vsk

Fullt verð 197.976

+ Tveir miðar



LITHIUM ION
18V LITHIUM ION

**TILBOÐ**

### VELTISÖG 250 MM

Mesta skurðargeta: 68 X 140 mm
Mesti halli: 45°
Blaðastærð: 250 mm
Segull til að festa við stályfirborð

vnr 94DW743

**85.000** m/vsk

Fullt verð 105.757

+ Tveir miðar



**TILBOÐ**

### FJÖLNOTASÖG OG JUÐARI

Tvær rafhlöður og
aukahlutir fylgja.
Fljótvirk blaðaskipting &
stilling 0 - 20.000 OPM
Kolalaus mótor.

vnr 94DCS355D2

**52.090** m/vsk

Fullt verð 5.113

+ Tveir miðar



**TILBOÐ**

### MÁLBAND FATMAX 5 M

vnr 93033720

**2.671** m/vsk

Fullt verð 3.424




**TILBOÐ**

### HALLAMÁL 120 CM

vnr 93XTHT1-42134

**4.846** m/vsk

Fullt verð 6.213



**TILBOÐ**

### LASER 360° 3JA LÍNU- GRÆNN

4 X Sjáanlegri en Rauður.
geisli. 3 X 360°. Vatns og
rakavarinn IP65.
Prófaður fyrir 2m fall
10.8v 2.0 Ah Rafhlaða.

vnr 94DCE089D1G

**74.713** m/vsk

Fullt verð 93.616

+ Tveir miðar



**TILBOÐ**

### HÖGGBORVÉL SDS+

Afl inn: 800 Wött
Mesta borun í steypu:
26 mm
Þyngd: 2,6 Kg



vnr 94D25133K

**27.181** m/vsk

Fullt verð 33.976

Tilboð gilda frá 7. - 11. maí eða á meðan birgðir endast
*Einungis eru afhentir tveir miðar á mann ef verslað er vara eða vörur fyrir 35.000 kr. eða meira.

*Tveir miðar fylgja
á Sindra torfæruna á Hellu 12. maí .
Ef verslað er fyrir 35.000 kr eða meira

www.sindri.is / sími 575 0000
Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

# Fjórða kjörtímabilið er hafið hjá Pútín

**Vladímír Pútín hefur sitt fjórða, mögulega síðasta, kjörtímabil á stóli Rússlandsforseta. Hefur gegnt embættinu í fjórtán ár sem verða tuttugu er kjörtímabilinu lýkur. Bandamenn Pútíns telja líklegt að hann muni með einhverjum hætti stýra landinu lengur en til 2024.**

**RÚSSLAND** Vladímír Pútín var í gær settur inn í embætti Rússlandsforseta. Athöfnin fór fram með miklum glæsibrag í Kreml. Um fimm þúsund sóttu forsetann heim, meðal annars Gerhard Schröder, fyrrverandi kanslari Þýskalands og nú lykilmaður hjá rússneska gasfyrirtækinu Gazprom, og fyrrverandi Hollywood-stjarnan og rússneski ríkisborgarinn Steven Seagal.

Athöfnin var svo sem ekki ný fyrir forsetanum en þetta var í fjórða skipti sem hann er settur í embætti. Það gerðist fyrst árið 2000, svo 2004 og því næst 2012.

Valdatíð Pútíns er löng, lengri en nokkurs í Rússlandi frá því Stalín var við völd. Hún spannar samtals fjórtán ár á forsetastóli auk fjögurra í forsætisráðuneytinu. Þegar næstu forsetakosningar fara fram munu árin á forsetastóli verða tuttugu, enda var kjörtímabil forseta lengt úr fjórum árum í sex árið 2008.

Samkvæmt stjórnarskránni ætti þetta kjörtímabil að verða Pútíns síðasta. Ekkert er þó öruggt í þeim málum, enda komst Pútín áður framhjá stjórnarskránni með því að sitja eitt kjörtímabil á stóli forsætisráðherra, frá 2008 til 2012.

Pútín fór um víðan völl í innsetningarræðu sinni. „Við höfum endurvakið stolt þjóðarinnar á föðurlandinu. Sem þjóðhöfðingi mun ég gera allt sem í valdi mínu stendur til að margfalda styrk Rússlands og velsæld Rússa,“ sagði forsetinn.

Sem þjóðhöfðingi vill Pútín stuðla að hagkvæmri samvinnu við öll önnur ríki og vinna að friði og stöðugleika á jörðu. „Rússland er sterkur og áhrifaríkur leikmaður á sviði alþjóðastjórnmálanna. Þjóðaröryggi er tryggt og varnarmöguleikar okkar miklir. Við munum halda áfram að einbeita okkur að þessum málaflokkum.“

Þótt Pútín verði 71 árs þegar kjörtímabilinu lýkur og þótt hann eigi ekki möguleika á að bjóða sig aftur fram til forseta strax samkvæmt stjórnarskránni þykir ekki öruggt að þessi fyrrverandi KGB-liði hverfi frá völdum árið 2024.

Undanfarna mánuði, sér í lagi í kringum forsetakosningar marsmánaðar, hefur því verið haldið fram að Pútín muni annaðhvort breyta stjórnarskránni svo hann geti boðið sig fram aftur eða að hann muni koma á fót ríkisráði þar sem hann taki sjálfur stöðu leiðtoga. Yrði staða Pútíns sem leiðtoga einhvers konar ríkisráðs þá sambærileg stöðu Ali Khamenei, æðstaklerks Írans.

The Washington Post tók í mars saman ummæli fjölmargra bandamanna Pútíns sem þykja benda til að eitthvað þessu líkt sé í pípunum hjá Rússlandsforseta. Konstantín Gaaze, sjálfstæður stjórnmálaskýrandi, sagði til að mynda að með kosningasigrinum hefði leið opnast fyrir Pútín að því að koma á fót einhvers konar ævilangri stöðu þjóðhöfðingja.

Alexeí Tjesnakov, áður ráðgjafi í Kreml og nú sjónvarpsmaður, sagði eftir kosningarnar í mars að hann væri nokkuð viss um að Pútín myndi ekki fara neitt árið 2024. „Það er of snemmt að segja til um hvernig það verður. Ég veit ekki hvort hann hætti sem forseti eða hvort hann framlengi valdatíð sína einhvern veginn.“

Þá vitnaði The Washington Post einnig í Vladímír Sjírínovskí, bandamann Pútíns og ævarandi forsetaframbjóðanda. Sjírínovskí sagði í aðdraganda forsetakosninganna að fólk hefði einfaldlega ekki áhuga á að velja annan leiðtoga en Pútín. „Þessar kosningar verða þær síðustu. Þú ættir að skilja það. Komið verður á fót ríkisráði sem forsetinn mun stýra.“

Setti Sjírínovskí framtíð Pútíns í samhengi við Xi Jinping, forseta Kína. Benti á að Xi hefði nýverið afnumið reglur um hversu mörg kjörtímabil forseti Kína má sitja.

Sjálfur hefur Pútín ekki viljað tala mikið um hvað framtíðin ber í skauti sér. Þegar hann var spurður um hvort hann ætlaði að bjóða sig fram aftur, stuttu eftir kosningarnar í mars, sagði hann spurninguna nokkuð fáránlega. „Á ég að vera forseti þangað til ég verð hundrað ára gamall? Nei,“ svaraði Pútín svo.

thorgnyr@frettabladid.is



Gestir freistuðu þess að ná mynd af leiðtoganum þegar hann gekk inn í hallarsalinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Andstaðan við Pútín

Ljóst er að ekki eru allir sáttir við Pútín í Rússlandi þótt hann sé að hefja sitt fjórða kjörtímabil. Það sást berskjálega um helgina þegar þúsundir mótmæltu í níutíu borgum og bæjum víðs vegar um Rússland.

Alexeí Navalní, stjórnarandstæðingur og aktívisti, var handtekinn við mótmælin ásamt um 1.600 öðrum mótmælendum. Navalní var þó sleppt úr haldi síðar um helgina.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Navalní kemst í kast við lögin. Þegar ljóst var að hann ætlaði í forsetaframboð var hann til að mynda sakfelldur fyrir fjárdrátt. Navalní hefur sjálfur sagt þær sakir upplognar, hann hafi einungis verið sakfelldur svo hann gæti ekki boðið sig fram.

Á mótmælum laugardagsins mátti heyra mótmælendur hrópa: „Niður með keisarann!“

Navalní sagði á mótmælunum að Moskva tilheyrði Pútín ekki. Engin þörf væri á keisara. Eftir að honum var sleppt úr haldi sagði hann svo: „Það kom greinilega tilskipun frá Kreml um að fangelsa mig ekki fyrir innsetningarathöfnina!“

En Navalní hefur ekki tekist að steypa Pútín af stóli, hvergi nærri.



**Lögregla tók harkalega á mótmælendunum.** NORDICPHOTOS/AFP

Og þótt Vesturlönd einblíni á utanríkismálastefnu Rússa virðist hún ekki vera Rússum til armæðu. Það eru efnahagsmálin sem reynast Pútín erfiðust.

Samkvæmt skoðanakönnun Levada hafa Rússar einna helst verið ósáttir við að ekki hafi tekist að draga úr ójöfnuði í rússnesku samfélagi. Næstflestir sögðu að Pútín hefði helst átt að tryggja að Rússar fengju aftur það sparifé sem tapaðist í efnahagsaðgerðum yfirvalda.

Lækkandi olíuverð, verðminni rúbla, verðbólga og slæm áhrif viðskiptaþvingana á rússneska hagkerfið hafa leitt til þess að virði rússneskra meðallauna hefur minnkað um fjórutíu prósent samanborið við bandarísk meðallaun á undanförnu ári.


EIGIÐ FÉ ÚR ENGU
BANKAFLÉTTUR BLEKKINGA?

Opinn fundur í Odda, Háskóla Íslands (stofu 101), þriðjudaginn 8. maí kl. 12.00.



Stefán Svavarsson
endurskoðandi



Vilhjálmur Bjarnason
fv. alþingismaður

Kristrún Heimisdóttir stýrir fundinum

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök sparifjáreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA

# Hlutafjárútboði
## í Heimavöllum
## lýkur í dag

**Útboðinu sem hófst mánudaginn 7. maí lýkur kl. 16:00 í dag, þriðjudaginn 8. maí 2018.**

**Í útboðinu verða boðnir til sölu 750.000.000 nýir hlutir í Heimavöllum. Gefi eftirspurn tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu þannig að þeir nemi samtals allt að 900.000.000. Hlutafjáraukningin nemur 6,7%-7,9% af hlutafé Heimavalla að útboði loknu allt eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.**

Markmiðið með útboðinu er að fjölga hluthöfum í Heimavöllum þannig að félagið uppfylli skilyrði Aðalmarkaðar Kauphallar Íslands varðandi dreifingu hlutafjár og fjölda hluthafa.

**Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Landsbankans www.landsbankinn.is/utboð-heimavellir**

Fjárfestar geta valið um þrjár tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Heimavöllum er að nafnverði 1 króna. Allir hlutir verða seldir á sama verði í hverri tilboðsbók (hollenskt útboð).

| | Tilboðsbók A | Tilboðsbók B | Tilboðsbók C |
|---|---|---|---|
| **Stærð áskrifta (kaupverð)** | 100.000 kr. - 500.000 kr. | 550.000 kr. – 10.000.000 kr. | > 10.000.000 kr. |
| **Tilboðsverð** | Á útboðgengi tilboðsbókar A | Á bilinu 1,38-1,71 kr./hlut eða á útboðsgengi tilboðsbókar B | Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut |
| **Útboðsgengi** | 5% lægra en útboðsgengi tilboðsbókar B | Á bilinu 1,38-1,71 kr./hlut, þó ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar C | Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut |
| **Meginreglur varðandi úthlutun** | Leitast við að skerða ekki áskriftir undir 100.000 kr. að kaupverði | Á grundvelli tilboðsverðs, leitast við að skerða ekki áskriftir undir 550.000 kr. að kaupverði, annars hlutfallsleg | Á grundvelli tilboðsverðs, annars hlutfallsleg |

**Söluandvirði útboðsins, miðað við að allir hlutir í útboðinu verði seldir á lágmarksverði hverrar tilboðsbókar, er á bilinu 1.024.650.000 - 1.229.580.000 krónur eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.**

Niðurstaða útboðsins verður birt á vefsíðu Heimavalla fyrir klukkan 16:00 þann 9. maí 2018. Gjalddagi og eindagi áskrifta er 18. maí 2018.

Félagið mun falla frá útboðinu ef Kauphöll Íslands samþykkir ekki fyrir 23. maí 2018 fyrirhugaða umsókn stjórnar Heimavallar um að taka alla hluti útgefna í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Komi til þess verða áskriftir felldar niður og gerðar ógildar og tafarlaust haft sambandi við fjárfesta sem greitt hafa greiðsluseðla og þeim endurgreitt.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi.

Áður en tekin er ákvörðun fjárfestingu í hlutabréfum í Heimavöllum eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Heimavelli og skilmála útboðsins sem finna má í lýsingu Heimavalla sem dagsett er 23. apríl 2018 og birt er á vefsíðu Heimavalla hf., **www.heimavellir.is**

**Landsbankinn hf. hefur umsjón með útboðinu. Upplýsingar og tæknileg aðstoð:**

| Vegna tilboðsbóka A og B | Vegna tilboðsbókar C |
|---|---|
| Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans | Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans |
| Sími: 410-4040 | Sími: 410-4000 |
| fjarmalaradgjof@landsbankinn.is | utbod@landsbankinn.is |

HEIMA VELLIR
ÖRUGGLEIGA

# Boris sendur til að verja kjarnorkusamkomulagið

**BANDARÍKIN** Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, fundaði með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, og John Bolton þjóðaröryggisráðgjafa í gær til þess að reyna að sannfæra Bandaríkjastjórn um að rifta ekki kjarnorkusamkomulaginu við Íran. Johnson sagði í skoðanagrein í The New York Times í gær að samkomulagið væri vissulega gallað en þá galla væri hægt að lagfæra með tíð og tíma.

Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Rússland, Kína, Þýskaland og ESB gerðu samkomulagið árið 2015 og er það talið krúnudjásn utanríkisstefnu Baracks Obama, þáverandi Bandaríkjaforseta. Samkomulagið gengur út á að viðskiptaþvingunum gegn Írönum verði lyft gegn því að ríkið hætti vinnu við kjarnorkuáætlun sína.

Donald Trump forseti hefur oftsinnis lofað að rifta samkomulaginu. Johnson sagði í grein sinni að rangt væri að rifta samkomulaginu þar sem þá myndu Íranar aftur geta unnið að kjarnorkuáætluninni. „Ég held að það sé mikilvægt að halda þessum hömlum á kjarnorkuáætlanir Íransstjórnar. Þær hömlur gætu haldið aftur af árásargirni Írana í heimshlutanum.“

Hassan Rouhani, forseti Írans, gaf í gær í skyn að ríkið væri tilbúið að standa við samkomulagið jafnvel þótt Bandaríkjamenn riftu því af sinni hálfu. „Við höfum ekki áhyggjur af illgjörnum ákvörðunum Bandaríkjamanna. Við erum viðbúin öllu og ekkert mun breytast í okkar lífi í vikunni,“ sagði Rouhani. Ákvörðunar Trumps er að vænta fyrir 12. maí næstkomandi. **– þea**



**Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands.** NORDICPHOTOS/AFP





Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur
Norðlingabraut 14

25 1993-2018 BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki


# Líklegt að endurkoma hins níræða dugi ekki

**Þingkosningar eru í Malasíu á morgun. 92 ára fyrrverandi forsætisráðherra sækir fram gegn fyrrverandi samflokksmanni. Allt bendir til þess að fylgi fylkinganna verði svipað en skipting kjördæma eykur sigurlíkur ríkisstjórnarinnar.**

**MALASÍA** Kosið verður til þings í Malasíu á morgun. Kosningabaráttan hefur verið afar hörð og samkvæmt skoðanakönnunum er líklegt að lítill munur verði á fylgi stærstu flokka.

Samkvæmt könnun Merdeka Center frá því í apríl eru tveir turnar í malasískum stjórnmálum um þessar mundir. Annars vegar ríkisstjórnarflokkurinn, Þjóðfylkingin (BN), bandalag hægriflokka undir forystu UMNO-flokksins, og hins vegar Vonarbandalagið (PH). Í könnuninni mældist BN með 40,3 prósenta fylgi, PH með 43,7 prósent.

Alveg þangað til í janúar leit hins vegar út fyrir að BN myndi vinna öruggan sigur og að Najib Razak, forsætisráðherra og leiðtogi BN, myndi halda velli. Þá tilkynnti Mahathir Mohamad, 92 ára og forsætisráðherra fyrir hönd UMNO frá 1981 til 2003, um að hann ætlaði aftur í framboð.

Mahathir endurvakti bandalag stjórnarandstöðuflokkanna í því skyni að koma sínum gömlu samflokksmönnum frá völdum. Hann fékk til liðs við sig Anwar Ibrahim, áður varaforsætisráðherra Mohamads. Þessi nýja vinátta Anwars og Mahathirs var óvænt í ljósi þess að árið 1999 lét Mahathir henda Ibrahim í fangelsi fyrir sódómsku, þar sem hann mátti dúsa í fimm ár.

Málflutningur Mahathirs og Anwars hefur mikið til byggst á því að nauðsynlegt sé að koma Najib og UMNO frá völdum vegna spillingar. Og í ljósi fortíðar sinnar sem forsætisráðherra fyrir hönd UMNO hefur Mahathir beðist afsökunar. „Ég vil biðja alla afsökunar. Ég kom Najib í þessa stöðu. Það voru mestu mistök lífs míns. Ég vil leiðrétta þau mistök,“ sagði hinn rúmlega níræði Mohamad á baráttufundi sem blaðamaður BBC fylgdist með.

Spillingarmálið sem Mahathir hefur keyrt á er kallað 1MDB-málið. Najib hefur verið sakaður um að draga sér rúmlega sjötíu milljarða úr svokölluðum 1MDB-sjóði, þróunarsjóði malasíska ríkisins. Því hefur Najib alla tíð neitað.

En þrátt fyrir þennan tiltölulega litla mun á fylgi þykir nær ólíklegt annað en að ríkisstjórnin haldi velli. Einmenningskjördæmi eru í Malasíu og hafa stjórnarandstöðuflokkarnir kvartað sáran yfir kjördæmabreytingum BN.




**Hinn 92 ára gamli Mahathir Mohamad vill aftur í forsætisráðuneytið. Hann býður sig fram gegn sínum gömlu félögum. Hann mælist vinsælli en ríkisstjórnarflokkarnir en kosningakerfið er óhagstætt.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Svo gæti farið að ríkisstjórnin fái meirihluta á þinginu með einungis fimmtung atkvæða á bakinu.**

Dreifbýliskjördæmi, sem falla flest BN-megin, eru sum svo fámenn að sex þyrfti til að jafnast á við eitt þéttbýliskjördæmi. Þetta þýðir að BN getur í raun fengið hreinan meirihluta á þingi með einungis fimmtung atkvæða á bakinu.

Þá hefur hlutleysi kjörstjórnar verið dregið í efa. Sex frambjóðendum stjórnarandstöðunnar hefur verið vísað úr framboði af „vafasömum, tæknilegum ástæðum“ að því er BBC greinir frá. Aukinheldur hefur verið bent á að kjörskrá sé gölluð og þá þykir ákvörðun stjórnarinnar um að kjördagur sé í miðri viku en ekki um helgi óásættanleg. Það sé einungis gert til að lágmarka kjörsókn. Það komi sér vel fyrir BN.

**thorgnyr@frettabladid.is**


## Nokkrir góðir inn í sumarið

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



**Audi Q5**
Quattro 2.0 TDI
Ekinn 36.000
2014 **5.590.000** KR
Álfelgur, dráttarkrókur, rafdrifin opnun/lokun á afturhlera, nálgunarvari í stuðurum, 6 diska magasín, loftkæling, milano leðuráklæði, bluetooth símkerfi, rafdrifin framsæti o.fl.



**VW Polo**
Highline 1.2 TSI
2013 **1.690.000** KR
58



**Mitsubishi Pajero**
Instyle 3.2 DID
2016 **6.550.000** KR
67 4x4



**Hyundai IX20**
Comfort
2017 **2.890.000** KR
2



**VW Golf Sportsvan**
Comfortline 1.4 TSI
2015 **2.590.000** KR
55



**VW Up!**
MoveUP 1.0
2015 **1.390.000** KR
12



**Toyota Yaris**
Hybrid Style Bi-tone
2018 **2.990.000** KR
3

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

# NÝR NISSAN QASHQAI
## TILBÚINN Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SÍA / NM88135

## NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**



SJÁLFVIRK NEYÐARHEMLUN
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA

SJÁLFVIRKUR AKREINAVARI
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA

LEGGJA Í STÆÐI HJÁLP
VALBÚNAÐUR

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Í góðri trú



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Blaðamenn búa að djúpum reynslubrunni fyrri kynslóða. Þeir sækja í þessa auðlind í öllum sínum störfum. Þeir eru traustsins verðir aðeins vegna þeirra verka sem forverar þeirra hafa unnið. En þessi erfðagjöf er brotgjörn. Minnsta hnjask skilur eftir sig ör.

Samkomulag stjórnenda Ríkisútvarpsins og Guðmundar Spartakusar vegur að þessari sameiginlegu uppsprettu. RÚV samdi og greiddi Guðmundi tvær og hálfa milljón í miskabætur og málskostnað utan réttar. Upphæðin er í sjálfu sér ekki það sem skiptir máli hér. Samkvæmt samkomulaginu þurfti RÚV ekki að biðjast afsökunar og ekki að leiðrétta fréttaflutning sem leiddi til ófjárhagslegs tjóns Guðmundar, þó svo að útvarpsstjóri segði á síðum Fréttablaðsins í síðustu viku að fréttaflutningur hefði „að einhverju marki verið leiðréttur“. RÚV og Guðmundur sammæltust um að halda trúnaði um samkomulagið.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um það af hverju ákveðið hafi verið að semja við Guðmund vísar útvarpsstjóri til niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í júlí í fyrra þar sem íslenska ríkið var sýknað af kröfu fyrrverandi fréttamanns RÚV sem dómstóllinn sagði ekki hafa flutt fregnir í góðri trú. Þannig taldi útvarpsstjóri að „umtalsverðar líkur stæðu til þess að tilteknar kröfur stefnanda málsins [Guðmundar] næðu fram að ganga“.

Þó svo að stjórnendur RÚV hafi vafalaust talið sig hafa haft góð rök máli sínu til stuðnings, þá eru þetta hörmuleg skilaboð til þeirra blaðamanna sem þar starfa, og í raun til allra þeirra einstaklinga hér á landi sem gera blaðamennsku að ævistarfi sínu og flytja fréttir í góðri trú.

Þessi skilaboð, og þau ákvæði í 25. kafla almennra hegningarlaga sem eru til grundvallar, fela í sér hættuleg kælingaráhrif á tjáningarfrelsi blaðamanna hér á landi. Áhrif sem valda ótta eða kvíða meðal blaðamanna sem síðan leiða til sjálfsritskoðunar og þar með rýrari umræðu á opinberum vettvangi.

Með samkomulaginu hefur RÚV blásið þeim eldmóð í brjóst sem komast upp með að hóta blaðamönnum og vega að starfsheiðri þeirra, og þeim sem dreifa ósannindum. Oft er þetta einn og sami hópurinn.

Stjórnendur RÚV vilja vernda sína blaðamenn, en samkomulag sem þetta er einmitt til þess fallið að gera starf þeirra sem flytja fréttir í góðri trú erfiðara og hættulegra. Í því felst köld kveðja til allra blaðamanna. Hafi markmiðið verið það að komast hjá því að biðjast afsökunar, eða leiðrétta fréttaflutning, þá er það vanvirða við stéttina af allt öðrum toga enda er það ekkert annað en heilbrigð skynsemi að fagna mistökum sínum, leiðrétta þau og læra af, en ekki fela þau undir trúnaði.

**Með samkomulaginu hefur RÚV blásið þeim eldmóð í brjóst sem komast upp með að hóta blaðamönnum og vega að starfsheiðri þeirra, og þeim sem dreifa ósannindum.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Sunna og samstarfshrútarnir**

**Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingkona Pírata, fékk loks langþráða afmælisgjöf frá foreldrum sínum um helgina; innrammaða skopmynd Gunnars Karlssonar úr Fréttablaðinu af henni og þingmönnunum Páli Magnússyni, Birgi Ármannssyni, Jóni Gunnarssyni og Brynjari Níelssyni sem allir skarta tilkomumiklum hrútshornum. Sunna reyndi að gera ráðstafanir til að eignast myndina strax þegar hún sá hana en Ævar Örn Jósepsson, faðir hennar, ákvað nánast samstundis að færa henni myndina í afmælisgjöf. Varð úr þessu nokkur núningur en Sunna sagði við Fréttablaðið.is í mars að hún vildi síður þurfa að bíða eftir afmælisdeginum í maí. Sá gamli fékk þó sitt í gegn og foreldrar þingkonunnar færðu henni myndina á afmælinu.**

**Vigdís slettir skyri Dags**

**Vigdís Hauksdóttir og víkingarnir sem eru ásamt henni í efsta lagi framboðslista Miðflokksins í Reykjavík sendu frá sér enn eitt kosningamyndbandið í gær. Að þessu sinni smurðu víkingarnir rúnstykki með sveðjum, hrærðu skyr og sulluðu mjólk ofan í grunnskólabörn undir þeim skilaboðum Vigdísar að Miðflokkurinn ætli að bjóða upp á fríar grunnskólamáltíðir. Slagorðið er „Et, drekk og ver glaðr“ það sem tækifærin eiga að sögn Vigdísar ekki að vera háð efnahag foreldranna.** thorarinn@frettabladid.is

## Ævitekjur Berglindar



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Berglind er dæmigerð íslensk kona. Hún hefur lokið stúdentsprófi og aflað sér háskólagráðu og starfsréttinda. Hún kemur út á vinnumarkaðinn um 25 ára aldurinn og er svo heppin að fá starf í sínu fagi. Hún eignast maka og börn. Húsnæðisöryggi er lítið og hún ræðst í að kaupa íbúð. Í háskólanámi framfleytti hún sér með lánum frá LÍN. Hún átti þess ekki kost að fá fjárhagslegan stuðning frá foreldrum sínum. Berglind starfar hjá hinu opinbera og gengur inn í nýtt og samræmt lífeyriskerfi á vinnumarkaði. Ávinnsla lífeyrisréttinda er mest fyrstu árin á vinnumarkaði en minnkar svo þegar hún eldist. Þetta kemur ekkert sérstaklega vel út fyrir Berglindi sem kemur seinna inn á vinnumarkaðinn en þeir sem ekki fara í háskólanám. Hún þarf auðvitað að greiða af námslánunum og þær afborganir samsvara einni útborgun launa á ári. Afborganir húsnæðis- og námslána taka í heimilisreksturinn en þetta hefst með ráðdeild og hagsýni. Berglind er með rúmlega hálfa milljón á mánuði í heildarlaun. Samanlagðar tekjur hennar og makans þýða að heimilið fær svo að segja engar bætur frá ríkinu, hvorki vaxta- né barnabætur. Berglind á þess ekki kost að leggja fyrir eða leyfa sér einhvern óþarfa.

Dæmið af Berglindi er tilbúið dæmi en samt hlutskipti mjög margra háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Ráðstöfunartekjur hennar eru litlu hærri en ráðstöfunartekjur þess sem ekki hefur lokið háskólanámi. Ávinningur Berglindar er lítill í alþjóðlegum samanburði. Öll menntun er fjárfesting samfélags í einstaklingum og sjálfu sér. Um það er ekki deilt en svo virðist sem lítill skilningur sé fyrir því á Íslandi að langskólamenntun sé fjárfesting sem umbuna beri fyrir.

BHM hefur ítrekað bent á að þetta sé óviðunandi staða sem skaði langtímahagsmuni íslensks samfélags. Fólk sem hefur aflað sér menntunar verður að sjá sér hag í því að setjast hér að og taka þátt í uppbyggingu samfélagsins. Ellegar verður Ísland undir í samkeppninni við önnur lönd um verðmæta þekkingu og hæfni.

**Fólk sem hefur aflað sér menntunar verður að sjá sér hag í því að setjast hér að og taka þátt í uppbyggingu samfélagsins.**

**Varmadælur & loftkæling**




Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fyrirkomulag kosninga er forneskjulegt



Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði

Skammt er til sveitarstjórnarkosninga en framboðsfrestur ekki útrunninn, þegar þetta er skrifað. Engu að síður er löngu byrjað að kjósa í atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og er þá kjörseðillinn autt blað. Þess munu vart dæmi um víða veröld að unnt sé að kjósa þannig út í bláinn, enda hefur lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) margsinnis gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Þetta er aðeins eitt dæma um hvað kosningalög okkar eru um margt forneskjuleg, bæði lögin um kosningar til Alþingis svo og þau um kjör sveitarstjórna. Aldrei hefur verið gert hreint í þessum lagabálkum og ákvæðin færð til nútímahorfs. Þannig má t.d. ætla að enn sé kosið á opnum fundum, sbr. hugtakið „utankjörfundaratkvæðagreiðsla“.

Þó liggja hjá Alþingi hugmyndir um verulegar endurbætur á ákvæðum um framkvæmd þingkosninga. En það sama á við um þessi grundvallarlög og sjálfa stjórnarskrána: Alþingi virðist aldrei hafa dugnað til að taka á málinu. Eða skortir pólitískan vilja?

Af nógu er að taka eigi að benda á ákvæði sem laga þarf í kosningalögum. Þegar hefur verið nefndur sá afkáraleiki að framboð liggi ekki fyrir þegar kosning hefst. Þá erum við langt á eftir flestum grönnum okkar í því að auðvelda kjósendum að neyta kosningaréttar síns. Bréfkosningar þekkjast hér ekki, en sums staðar nýtir stór hluti kjósenda sér þá leið. Um rafrænar kosningar er nánast ekkert rætt, hvorki um kosti þeirra né galla.

Ofangreind dæmi lúta að framkvæmd kosninga en lýðræðisþáttur málsins er þó mikilvægastur.

Vita kjósendur að þeir geta nánast engin áhrif haft á röð frambjóðenda á listum við sveitarstjórnarkosningar? Útstrikanir eða umraðanir eru tilgangslausar. Þetta er þó ekki alveg markleysa í þingkosningum, enda var vægi slíkra breytinga aukið talsvert með lögum frá aldamótaárinu. En það hefur „gleymst“ í 18 ár að gera hliðstæðar breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Þar gilda enn ákvæði frá 1987 sem gerðu kjósendur nær valdalausa um listabreytingar. Víðast hvar í grannlöndunum er þó kjósendum veitt meira vald til að velja sér frambjóðendur í kosningum til sveitarstjórna en til þjóðþinga. Á Íslandi er þessu öfugt farið! Að mati margra kjósenda skiptir þó meira máli hvaða einstaklingar veljast til sveitarstjórna en hvaða flokk þeir skipa.

Nefna má annað sem hefur dagað uppi í meðferð kosningalaga. Í þingkosningum geta framboð spyrt sig saman í vísi að kosningabandalögum. Ákvæðin eru þó ófullkomin og hafa því ekki verið nýtt. Með slíkum bandalögum væri þó unnt að gefa kjósendum vísbendingu um það hvaða fylkingar gætu staðið saman að myndun ríkisstjórnar eftir kosningar í stað þess að þeim sé haldið í óvissu með tuggunni „að ganga óbundin til kosninga“. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar er ekki gefinn kostur á neinum slíkum listasamsteypum. Í þeim fjölda framboða, sem nú stefnir í, a.m.k. í Reykjavík, væri fengur að því fyrir kjósendur að framboðin sýndu lit með því að hópa sig eitthvað saman.

Hér er lítt tóm til að fjalla um brýnar lýðræðisumbætur í lögum um þingkosningar. Nefna má virkt persónukjör, eins og nær 80% kjósenda tjáðu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Eða þá það ranglæti að vægi kjósenda er enn misjafnt. Vildu þó um 2/3 fyrrgreindra kjósenda fullan jöfnuð. ÖSE hefur þrívegis gert alvarlegar athugasemdir við þessi ójöfnu mannréttindi íslenskra kjósenda.

Þá er það ámælisvert að það skuli geta gerst að flokkar fái fleiri þingsæti en landsfylgi þeirra veitir þeim rétt til. Að ekki sé komið í veg fyrir þetta kann að vera stjórnarskrárbrot. En því miður höfum við engan dómstól sem tekur á stjórnlagabrotum með almennum hætti. Þó hefur þessi ójöfnuður milli flokka haft pólitískar afleiðingar. Síðasta ríkisstjórn, sú sem sat lungann úr árinu 2017, hafði eins sætis meirihluta á Alþingi með hjálp þessa lýðræðishalla.

Stjórnlagaráð gerði margvíslegar og útfærðar tillögur um bætt fyrirkomulag kosninga. En þeim, eins og öðrum tillögum ráðsins, hefur verið stungið undir stól. Þó hafa 2/3 hlutar kjósenda í almennri atkvæðagreiðslu kallað eftir nýrri stjórnarskrá á grundvelli tillagna ráðsins.

**Vita kjósendur að þeir geta nánast engin áhrif haft á röð frambjóðenda á listum við sveitarstjórnarkosningar? Útstrikanir eða umraðanir eru tilgangslausar.**

# Hvað eru sveitarstjórnarmenn að hugsa?



Lýður Árnason
læknir og kvikmyndagerðarmaður

**Fjárfestingafélög gleypa allt sem til fellur á húsnæðismarkaði, sprengja upp öll verð og verða feitari og feitari á brauðstriti okkar hinna. Vel má vera að þetta hljómi eins og kommúnistaávarp en þetta er samt svona.**

Þessi aðdragandi kosninga er lítt frábrugðinn öðrum. Frambjóðendur og flokkar keppast við að laða að sér kjósendur og sem fyrr flýgur það hæst sem vel lætur í eyrum. Nokkuð hefur verið rætt um hið risavaxna vandamál sem er aðgengi að húsnæði. Birtingarmynd þess er nýlegt útspil byggingaverktaka sem auglýsir íbúðarkost sem fyrstu kaup á tæpar 700 þúsund á fermetra. Fjörutíu milljónir takk, fyrir 60 fermetra. Húsaleigumarkaðurinn er í sama móanum og nánast útilokað fyrir aðra en kvótakrakka og silfurskeiðunga að taka þátt í þessu. Hinir húka í foreldrahúsum.

Einhvern tíma á þessu kjörtímabili var frábært byggingarland í vesturbæ Reykjavíkur afhent einum hrunverjanum sem sýnir glöggt að ráðamenn sjá ekki eða vilja ekki sjá samhengi húsnæðisvandans við fjármagnseigendur. En í hnotskurn er hann þessi: Fjárfestingafélög gleypa allt sem til fellur á húsnæðismarkaði, sprengja upp öll verð og verða feitari og feitari á brauðstriti okkar hinna. Vel má vera að þetta hljómi eins og kommúnistaávarp en þetta er samt svona.

Þess vegna er skrítið, ekki síst að framboð sem kenna sig við jöfnuð, skuli humma þetta af sér og jafnvel taka þátt í þessum okurleik. Hvers vegna í ósköpunum ganga sveitarstjórnir stærstu bæjarfélaganna ekki fram fyrir skjöldu og boða bílskúrsblokkir, gámaraðhús og einbýliskofa fyrir ungt fólk? Einfalda og ódýra íverustaði til kaups eða leigu, 20, 30 og 40 fermetra? Þetta yrði valkostur þeirra sem EKKI vilja ganga bönkum eða öðrum fjármagnsöflum á hönd og strita lunganum úr ævinni í þeirra þágu. Verð á svona húsnæði gæti verið um fjórðungur af rassaboðum þeim sem nú tíðkast og leigan aðeins brotabrot.

Í dag hefur ungt fólk harla lítinn hvata til að hasla sér völl á húsnæðismarkaði, nýr alvöru valkostur í líkingu við framansagt gæti breytt því á einni nóttu. Hættum að vera meðvirk, bjóðum einkaframtaki birginn sem ekki bætir lífskjörin í landinu heldur þvert á móti, heldur þeim niðri.


Verða lífeyrissjóðir of stórir fyrir Ísland?

**Miðvikudaginn 9. maí 2018 kl. 8.30-10.00 á Grand Hótel Reykjavík**

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er stórt miðað við hagkerfi landsins. Eignir í lífeyrissjóðakerfinu eru um ein og hálf landsframleiðsla og eiga sjóðirnir um þriðjung af heildarfjármunum á Íslandi. Er því spáð að sjóðirnir haldi áfram að stækka á næstu árum.

En stefnir lífeyrissjóðakerfið í að verða of stórt fyrir Ísland? Landssamtök lífeyrissjóða, í samstarfi við vefmiðlinn Kjarnann, standa fyrir morgunverðarfundi þar sem leitast verður við að svara þeirri spurningu. Fundurinn verður sendur út á vef Kjarnans.

**Dagskrá:**

8:00 - 8:30 **Morgunverður**

8:30 - 9:40 **Framsögur**

*Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar LL*
*Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði við HÍ*
*Már Guðmundsson, seðlabankastjóri*
*Jón Þór Sturluson, starfandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins*

9:40 - 10:00 **Almennar umræður framsögumanna og fyrirspurnir**

**Stjórnandi:** *Fanney Birna Jónsdóttir, aðstoðarfréttastjóri Kjarnans*

**Skráning á:** *www.lifeyrismal.is/LLskraning*

**Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis**

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

www.lifeyrismal.is






Frá árinu 2014 hefur Orka náttúrunnar verið í fararbroddi við að auðvelda orkuskipti í samgöngum á Íslandi. Með ON-lyklinum færðu aðgang að hlöðum ON vítt og breitt um landið.

**Pantaðu lykilinn að hringveginum á on.is**




ORKA NÁTTÚRUNNAR

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

# Útrýmum kynbundnum launamun





**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri

**Heiða Björg Hilmisdóttir**
borgarfulltrúi

**Þróun á leiðréttum kynbundnum launamun heildarlauna**
Uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í a.m.k. 70% starfi




Í dag fer fram ráðstefna um kynbundinn launamun hjá Reykjavík. Kynbundinn launamunur hjá borginni var fyrst mældur árið 1995, skömmu eftir að Ingibjörg Sólrún varð borgarstjóri – fyrir það skipti kynbundinn launamunur greinilega engu máli. Um leið og þessar mikilvægu mælingar hófust tók launamunurinn að minnka – en á undanförnum árum hefur hann minnkað hraðar og meira í kjölfar markvissra aðgerða af hálfu borgaryfirvalda þar sem stærsti þátturinn er framfylgd jafnlaunastefnu. Við fengum nýlega niðurstöður frá Félagsvísindastofnun Háskólans sem hefur fylgst með þróun launamunar frá árinu 1995. Skemmst er frá því að segja að á því tímabili hefur kynbundinn launamunur farið úr 21,1% niður í 2,2% eins og sést á línuritinu hér fyrir ofan.

### Starfsmat er jafnréttistæki

Jafnlaunastefnan er hornsteinn í launastefnu Reykjavíkurborgar. Með því er átt við þá einbeittu stefnu að greiða starfsfólki sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf líkt og jafnréttislög kveða á um. Til að vinna að því marki hefur Reykjavíkurborg frá árinu 2001 byggt launaröðun starfa á starfsmatskerfi hjá þeim stéttarfélögum sem um það hafa samið. Mikill meirihluti starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur laun samkvæmt starfsmati sem er í raun það launajafnandi tæki sem hefur reynst okkur best.

### Gegn kynbundnum launamun

Sú sérfræðiþekking sem hefur myndast innan borgarinnar á undanförnum árum er ótrúlega mikil og næstu skref hjá okkur verða að miðla þeim árangri til annarra sveitarfélaga og stórra vinnustaða. Sá meirihluti sem nú situr hefur farið í umfangsmiklar aðgerðir gegn kynbundnum launamun sem hafa skilað þessum góða árangri sem við fögnum nú í dag.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**
**Afmörkun landnotkunar**
**leiðrétt til samræmis ið lóðamörk og núverandi notkun lóða**

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 21. mars 2018 að kynna drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, leiðrétta afmörkun landnotkunar á nokkrum svæðum.
Í tillögunni felst að leiðrétta afmörkun landnotkunar á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags til samræmis við lóðamörk og núverandi notkun viðkomandi lóða. Leiðréttingarnar ná til svæða fyrir samfélagsþjónustu við Vesturhlíð og Völvufell og mörk íbúðarbyggðar og hafnarsvæðis við Vogbyggð.

Drög að breytingartillögu hafa verið aðgengileg á ***adalskipulag.is*** undanfarnar vikur.

**Þriðjudaginn 8. maí verður verkefnisstjóri til svara um tillöguna, milli kl. 15.00-16.00 í þjónustuverinu að Borgartúni 12-14.**

Áformað er að samþykkja tillöguna í lögformlega kynningu með 6 vikna athugasemdafresti á næstunni. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Geta skimanir skaðað?



**Jóhann Ágúst Sigurðsson**
fv. prófessor, form. Samtaka norrænnna heimilislækna

**Það skiptir því miklu máli að upplýsingar til fólks sem boðið er í skimun fjalli bæði um kosti og hugsanleg skaðleg áhrif skimana. Það á að gefa fólki kost á að velja eða hafna.**

Geta skimanir skaðað? Blaðamaður spurði mig þessarar spurningar fyrir 18 árum þegar umræðan um skimanir stóð sem hæst í fjölmiðlum. Já, svaraði ég, „allar skimanir skaða, en sumar þeirra gera meira gagn en skaða“. Blaðamaðurinn átti eðlilega erfitt með að skilja hvernig forvörn eins og skimun fyrir ákveðnum sjúkdómi gæti skaðað. Útskýringarnar eru í sjálfu sér flóknar og byggja á faraldsfræðilegum gögnum, en í stuttu máli:

Skimuninni fylgir fórnarkostnaður, að jafnaði nefnt skaðleg áhrif skimunar. Ef skimun fyrir ákveðnum sjúkdómi reynist jákvæð (vísbending um sjúkdóm eða aukna áhættu), leiðir slíkt að jafnaði til frekari inngripa t.d. ástungu eða speglunar til nánari sjúkdómsgreiningar og eða lyfjameðferðar. Slík inngrip geta verið áhættusöm auk þess sem lyfjameðferð er ekki laus við aukaverkanir. Þess háttar íhlutun getur leitt til alvarlegra fylgikvilla og jafnvel ótímabærs dauða. Auk þess er ofgreining eða óþarfagreining sjúkdóma og óþarfa meðferð fylgifiskur allra skimana. Þetta þýðir að annars heilbrigður einstaklingur fær sjúkdómsgreiningu og meðferð við sjúkdómnum, án þess að „sjúkdómurinn“ sem slíkur hefði haft áhrif á lífslíkur viðkomandi. Sá fríski fær titilinn „sjúklingur“ og fer í meðferð að óþörfu fyrir hann sjálfan.

Árangur skimunar er hins vegar að jafnaði mældur í hlutfallslegum líkum stórra rannsóknarhópa á fækkun dauðsfalla af þeim sjúkdómi sem skimað er fyrir. Heildarniðurstaðan verður svo að vera sú að það sé hægt að bjarga fleirum en þeim sem er fórnað. Skimun fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli er ágætt dæmi. Þessari skimun var mikið beitt í Bandaríkjunum í áratugi, en sem betur fer, aldrei tekin upp hér á landi. Rannsóknir (m.a. Evrópurannsóknin 2009) á árangri þessarar skimunar með PSA-prófi, sýndu að til þess að bjarga einum karlmanni frá dauða af völdum þessa krabbameins, þurfti að skima 1.410 einkennalausa karla og gera 48 þeirra að sjúklingum að óþörfu með tilheyrandi fylgikvillum svo sem þvagleka og getuleysi. Nýleg rannsókn frá 2018 sýndi einnig að eftir að 400.000 körlum í Englandi var fylgt eftir í 10 ár, var enginn munur á dánartíðni þeirra sem fóru í PSA-skimun og meðferð og þeirra sem ekki fóru í slíka skimun.

Það skiptir því miklu máli að upplýsingar til fólks sem boðið er í skimun fjalli bæði um kosti og hugsanleg skaðleg áhrif skimana. Það á að gefa fólki kost á að velja eða hafna. Markmiðið er fyrst og fremst að auka upplýsta þátttöku (informed participation). Sömuleiðis verður að virða ákvörðun þeirra sem ekki mæta eða vilja ekki taka þátt í skimun. Það er vandasamt verk að búa til hlutlausa upplýsingabæklinga og netsíður um kosti og galla skimana sem almenningur skilur. Þarna hefur verulega skort á síðustu áratugi, líklega vegna hagsmunaárekstra. Slíkar upplýsingar þarf að semja af fagráðum sem í eru sérfræðingar í lýðheilsu, siðfræði, almennir borgarar auk annarra sérfróðra aðila um skimanir. Ég tek undir orð Helga Sigurðssonar, yfirlæknis krabbameinslækningadeildar Landspítalans, sem greint var frá í Fréttablaðinu 17. apríl sl. um að þörf sé á breyttu skipulagi skimunar hér á landi.

NÝR FORD
TRANSIT **CUSTOM**
– Betri en nokkru sinni

Ford Transit Custom er þekktur fyrir einstakan búnað, endingu og hagkvæmni. Með nýrri kynslóð bætir Ford enn í og gerir Transit Custom enn betri. Hinn nýi Ford Transit Custom er ríkulega búinn m.a. olíumiðstöð með tímastilli, upphitanlegri framrúðu, aksturstölvu, Easy fuel eldsneytisáfyllingu, upphitanlegu ökumannssæti, spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, brekkuaðstoð og 14 geymsluhólfum í innréttingu.

FORD TRANSIT CUSTOM KOSTAR FRÁ:
**2.895.000** KR. ÁN VSK.
3.590.000 KR. MEÐ VSK.
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 8. MAÍ 2018



Anton Gylfi Pálsson segir að ÍSAM bjóði upp á frábær bætiefni fyrir hár, bein og liði sem eru fáanleg í flestöllum apótekum. MYND/ERNIR

# Einstök bætiefni fyrir hár, bein og liði

ÍSAM selur hágæða bætiefni sem styrkja hár, bein og liði með einstökum innihaldsefnum. Nourkrin® styrkir hársekki og vinnur gegn hárlosi og skallamyndun og LithoLexal styrkir bein, brjósk og liðamót. →2



Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, bíður spenntur eftir grillsumrinu sem er fram undan. Hann gefur lesendum hér uppskriftir að þremur ljúffengum og ilmandi grillsósum. →6









Þessi 31 árs gamla kona fékk blettaskalla. Hér sést árangurinn eftir 4 mánaða notkun á Nourkrin®. MYND/ÍSAM



Þessi 63 ára kona fékk hárlos vegna skjaldkirtilsvandamáls. Hér sést árangur eftir 6 mánaða notkun á Nourkrin®. MYND/ÍSAM

ÍSAM býður nú upp á ný hágæða bætiefni fyrir hár, bein og liði frá fyrirtækinu Pharma Medico. Annars vegar Nourkrin® bætiefni fyrir hár og hins vegar LithoLexal bætiefni fyrir bein, brjósk og liðamót.

## Endurheimtir eðlilegan hárvöxt

„Nourkrin® Woman er vinsælasta bætiefnið fyrir hár í Bretlandi og inniheldur hið byltingarkennda innihaldsefni Marilex, sem er unnið úr sjávarríkinu,“ segir Anton Gylfi Pálsson, sölustjóri sérvöru hjá ÍSAM. „Nourkrin® er eina hárbætiefnið sem byggir á vísindalegum rannsóknum, en alls hafa 56 klínískar rannsóknir á efninu verið gefnar út.

Eðlileg hringrás hárvaxtar líkamans kallast hárvaxtarhringur. Í eðlilegum hárvaxtarhring eru 85-90% háranna á vaxtarstigi á meðan 10-15% þeirra eru á hvíldarstigi eftir að hafa náð fullum vexti,“ segir Anton. „Hárlos á sér stað hjá konum þegar hinn hefðbundni hárvaxtarhringur brenglast vegna þess að hársekkirnir fá ekki réttu næringarefnin. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því, en algengar ástæður eru meðal annars: stress, veikindi, sykursýki, lyfjaneysla, reykingar, meðganga, fæðing, slæm hármeðhöndlun og fleira. Nourkrin® Woman inniheldur réttu næringarefnin fyrir hársekkina og þannig verður hárvaxtarhringurinn eðlilegur á ný.“

## Lausn á algengu vandamáli

„Það er talið að um 60% kvenna upplifi hárlos á einhverjum tímapunkti. Það er oft erfitt ástand fyrir konur og mikið feimnismál. En Nourkrin® Woman er öruggt og lyfjalaust bætiefni fyrir konur sem nærir hárið og viðheldur eðlilegum hárvaxtarhring,“ segir Anton. „Níu af hverjum tíu sem tóku þátt í prófunum á vörunni tóku eftir breytingu á hárinu eftir meðferðina, sem felst í að taka tvær töflur á dag í að lágmarki 4-6 mánuði.

Hárlos og skallamyndun er vandamál sem margir karlmenn standa frammi fyrir, en Nourkrin® Man er öruggt og lyfjalaust bætiefni fyrir karlmenn sem veldur engum aukaverkunum,“ segir Anton. „Með reglulegri og fyrirbyggjandi notkun frá fyrstu ummerkjum hárþynningar getur varan seinkað eða alveg komið í veg fyrir skallamyndun. Rétt eins og konur eiga karlar að taka tvær töflur á dag í að lágmarki 4-6 mánuði.“

## Byltingarkennt bætiefni

„Nourkrin® inniheldur bætiefnið Marilex®, sem er byltingarkennt og einkaleyfisvarið bætiefni sem er eingöngu að finna í vörum frá Pharma Medico,“ segir Anton. „Marilex® er unnið úr sjávarríkinu og inniheldur rétt hlutfall af svokölluðum próteóglýkönum, sem næra hársekkina svo þeir geti viðhaldið hinum eðlilega hárvaxtarhring. Önnur helstu innihaldsefni Nourkrin® eru bíótín, acerola kirsuberjaþykkni, kísill og klóelftingarþykkni.

Marilex® hefur verið prófað um allan heim og er samþykkt af heilsuyfirvöldum í öllum heimsálfum, svo það er algjörlega öruggt. Allir geta notað það, nema þeir sem hafa ofnæmi fyrir fiski eða skelfiski,“ segir Anton. „Nourkrin® Woman hefur reynst konum sem eru að koma úr krabbameinsmeðferð og hafa misst hárið einstaklega vel. Með Nourkrin® vex nýja hárið hraðar og verður sterkara.

Hefðbundin meðferð er tvær töflur daglega í sex mánuði og ástæðan fyrir lengd meðferðarinnar er sú að það tekur hárvaxtarhringinn sex mánuði að ná jafnvægi,“ segir Anton. „Hársekkirnir geta verið á misjöfnum stað í hringnum þegar meðferð hefst og því tekur þetta þennan tíma.“

## Vinnur gegn beinþynningu og styrkir liðamót

„LithoLexal er ný kynslóð bætiefna fyrir bein sem byggir á vísindalegum rannsóknum og stuðlar að sterkum, heilbrigðum beinum og liðamótum út lífið. Litholexal vörurnar eru nýlega komnar á markað, en þær voru lengi í þróun og fóru í gegnum klínískar rannsóknir, svo það er vísindalega sannað að þessi bætiefni virka,“ segir Anton. „Það hefur verið hægt að sýna fram á áhrif efnisins á uppbyggingu brjósks og beina með bæði in-vivo og in-vitro rannsóknum.

Litholexal eru einu vörurnar sem innihalda einstakt efni sem unnið er úr þörungum og er mun betra og frábrugðið þeim innihaldsefnum sem almennt eru notuð í kalsíumvörur,“ segir Anton. „Það eru til þrjár gerðir af LithoLexal bætiefnum. Bone care, sem er fyrir alla sem eru eldri en 20 ára, Bone Health, sem er fyrir konur eftir tíðahvörf, en þá minnkar beinþéttni verulega, og Joint Health, sem er fyrir liðina og viðheldur eðlilegri brjóskmyndun.

Tíu prósent af beinagrindinni eru endurbyggð á hverju ári, en ef þessi endurnýjun gengur ekki sem skyldi þynnast beinin. Beinþynning veldur helmingi af öllum beinbrotum kvenna sem eru 50 ára eða eldri og er algengasta ástæða þess að konur eldri en 45 ára þurfa að dvelja á sjúkrahúsi,“ segir Anton. „Það er því mjög mikilvægt að tryggja að fá nauðsynleg bætiefni til að viðhalda heilbrigðum beinum og koma í veg fyrir beinþynningu og skylda kvilla.

LithoLexal hefur líka gagnast íþróttamönnum vel og minnkað þörf þeirra fyrir sterk verkjalyf vegna verkja í beinum og liðum,“ segir Anton. „Bætiefnið hefur einnig gert frábæra hluti fyrir þá sem þjást af slitgigt.“

> **Nourkrin® er eina hárbætiefnið sem byggir á vísindalegum rannsóknum, en alls hafa 56 klínískar rannsóknir á efninu verið gefnar út.**
>
> Anton Gylfi Pálsson




Bætiefnin eru nú fáanleg í öllum helstu apótekum og Heilsuhúsinu.

Nánari upplýsingar um Nourkrin® er að finna á www.isam.is/nourkrin og það fæst líka á www.harland.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




Náttúruleg innihaldsefni ásamt hampolíu sem hjálpar til við að örva, veita raka og vernda húð og hár.

# Hampolía – fullkomin næring

Dr. Organic hemp línan inniheldur lífræna hampolíu sem oft er lýst sem hinni fullkomnu olíu en hún inniheldur lífsnauðsynlegu fitusýrurnar ómega 3, 6 og 9 ásamt vítamínum og próteinum.

Hemp vörulínan frá Dr. Organic inniheldur sérlega rakagefandi og nærandi hár- og húðvörur sem hafa reynst vel þeim sem kljást við hárvandamál eins og hárlos, þurrk og líflaust hár. Kremin eru einnig afar góð fyrir þurra og exemkennda húð. Allt eru þetta náttúruleg innihaldsefni ásamt hampolíu sem hjálpar til við að örva, veita raka og vernda húð og hár.

### Hampur (Cannabis sativa)

Hampur eða cannabis sativa er ein tegund sem skiptist í tvær undirtegundir: C. sativa og C. indica og er það sú fyrrnefnda sem hér um ræðir. Saga hampræktunar nær árþúsundir aftur í tímann og fornminjar benda til að nytjar á þessari plöntu nái að minnsta kosti tólf þúsund ár aftur í tímann.

### Hampur í fatnaði og snyrtivörum

Iðnaðarhampur er nú ræktaður í um 30 löndum en hann er nýttur víða en hátt í 25 þúsund mismunandi vöruflokkar eru framleiddir úr honum. Stofn plöntunnar, sem verður allt að sex metra hár, er mjög trefjaríkur og úr honum er m.a. búinn til pappír, náttúrulegt plast og vefnaðarvara. Úr fræjum hampsins er unnin olía sem notuð er í lækningaskyni en þess ber að geta að hún inniheldur ekki efnið THC í því magni að hægt sé að nýta sér það sem vímugjafa. Olían er einnig notuð í matargerð, blandað í fæðubótarefni, hampmjólk og í snyrtivörur.

> **Hemp línan inniheldur öfluga samsetningu virkra plantna sem geta örvað hárvöxt og komið í veg fyrir hárlos, hún hjálpar til við að virkja og vernda stofnfrumurnar svo þær geti framleitt sterkara hár með auknum þéttleika.**

### Dr. Organic Hemp hár- og húðvörur

Dr. Organic hefur nú hannað heila línu af hár- og húðvörum sem innheldur þessa mögnuðu olíu sem er eins og áður sagði rík af lífsnauðsynlegum olíum, vítamínum og próteinum. Hárvörurnar sem samanstanda af sjampói, næringu, hármaska og froðu innhalda einnig lífrænar jurtir, plöntur, amínósýrur og BaicapilTM. BaicapilTM er ákveðin samsetning virkra plantna sem geta örvað hárvöxt og komið í veg fyrir hárlos en það hjálpar til við að virkja og vernda stofnfrumurnar svo þær geti framleitt sterkara hár með auknum þéttleika. Til að ná sem mestri virkni er best að nota hemp hárnæringuna og hármaskann samhliða sjampóinu.



Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi mælir með Dr. Organic vörum.

### Fyrir þurra húð og exem

Dr. Organic húðvörurnar eru einnig ríkar af hampolíu og innheldur 24 tíma „rescue“ andlitskremið einnig býflugnavax, bifurolíu, elftingu, humla og hibiskus (havaírós). Þessi einstaka blanda jurta gefur húðinni raka og hjálpar til við endurnýjun. Í hemp línunni er einnig að finna frábært body lotion sem inniheldur aloe vera safa, avocado olíu og blöndu af lífrænum jurtum og plöntum. Augngel (serum) með ólívulaufi og varanæringu eða „lip serum“ sem inniheldur grænt te og berjaþykkni.

### Hampolía að innan sem utan

„Hampolía er afar holl og góð til inntöku og ættu allir sem kljást við þurrk eða exem einnig að íhuga inntöku á hreinni olíu en eitt það besta sem við gerum fyrir húðina okkar er að næra hana innan frá,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.


# Lífrænt rauðrófuduft eykur úthald




LÍFRÆNT OFURFÆÐI






Rannsóknir á rauðrófu hafa sýnt að hún hefur jákvæð áhrif á blóðflæðið í líkamanum. Íþróttafólk er sérlega hrifið af Organic Beetroot því það hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans. Það víkkar æðar, lækkar blóðþrýsting og eykur snerpu, orku og úthald.



„Um það bil tveimur vikum eftir að ég fór að taka rauðrófuhylkin jókst úthaldið og þrekið á hlaupunum og ég fann bara almennt fyrir meiri orku“

*Ingveldur Erlingsdóttir maraþonhlaupari*

- Aukið blóðflæði
- Bætt súrefnisupptaka
- Lægri blóðþrýstingur
- Minni hand- og fótkuldi
- Aukið úthald, þrek og orka
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi
- Betri heilastarfsemi

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Frjókornin láta á sér kræla

Frjókornatímabilið er að hefjast en frjókornaofnæmi getur valdið börnum jafnt sem fullorðnum óþægindum. Mikilvægt er að halda einkennum þess í skefjum til að hægt sé að njóta sumarsins.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Þótt flestir hlakki til sumarsins eru margir sem þjást yfir þann tíma af völdum frjókornaofnæmis. NORDICPHOTOS/GETTY

Þótt sumarið sé enn handan við hornið eru frjókorn frá túnfíflum og trjám á borð við aspir, birki og víði þegar farin að valda mörgum óþægindum. Grasfrjó eru algengasti ofnæmisvaldurinn hérlendis en búast má við að þau fari af stað á næstu dögum og vikum.

Einkenni frjókornaofnæmis lýsa sér helst með einkennum og óþægindum í augum, nefi, nefkoki, eyrum og stundum jafnvel með astma. Þessi ofnæmiseinkenni geta minnt á kvef og því eru margir sem telja sig þjást af svokölluðu sumarkvefi en ekki ofnæmi. Þá getur þreyta fylgt þessum einkennum.

## Best að draga úr einkennum

Hægt er að draga verulega úr einkennum frjókornaofnæmis með því að nota réttu lyfin en þau hafa fyrirbyggjandi áhrif. Best er að leita til læknis til að fá réttu lyfin, auk þess sem sum þeirra eru lyfseðilsskyld. Þau lyf sem helst eru notuð eru steranefúði, ofnæmistöflur og ofnæmisaugndropar. Gott er að taka þessi lyf á sama tíma til að fá sem bestu verkun en mismunandi er hvort það henti fólki að taka lyfin kvölds eða morgna. Sumum finnst lyfin valda þreytu en ekki má gleyma að frjókornaofnæmið sjálft getur haft þau áhrif. Mælt er með því að byrja að nota nefúða um tveimur vikum áður en frjókornin fara af stað. Um leið og frekari einkenna verður vart ætti fólk að byrja að taka ofnæmistöflur og -augndropa daglega. Hver og einn þarf að finna út hvaða tími dagsins hentar best til þess. Sumir taka lyfin að morgni en aðrir að kvöldi.

## Ofnæmi en ekki einbeitingarskortur

Fólk á öllum aldri getur fengið frjókornaofnæmi og oft kemur það eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ofnæmispróf sker úr um hvort eða hvernig frjókornaofnæmi hrjáir fólk en prófið þarf að gera að hausti til þegar ofnæmisvakar eru ekki lengur í loftinu.

> Fólk á öllum aldri getur fengið frjókornaofnæmi og oft kemur það eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ofnæmispróf sker úr um hvort eða hvernig frjókornaofnæmi hrjáir fólk en prófið þarf að gera að hausti til þegar ofnæmisvakar eru ekki lengur í loftinu.

Samkvæmt nýlegum fréttum frá Bandaríkjunum hafa ofnæmislæknar þar í landi bent á að ekki sé óalgengt að frjókornaofnæmi sé vangreint hjá börnum. Þau séu talin eiga við einbeitingarskort og námserfiðleika að etja en í raun séu þau með frjókornaofnæmi sem valdi þeim vanlíðan með þessum afleiðingum. Ofnæmislæknar vestanhafs vilja meina að ef börn eigi erfitt með að sitja kyrr og einbeita sér geti orsökin verið sú að þau þjáist af höfuðverk vegna bólgu í kinnholum og kláða í augum. Þeir segja að börn geti átt erfitt með að útskýra hvernig þeim líður og þess vegna geti reynst erfitt að finna út hvað hrjáir þau í raun og veru. Því er mælt með að foreldrar fylgist vel með líðan barna sinna og hafi augun opin fyrir því hvort þau eigi betur með að einbeita sér þegar engin frjókorn eru í lofti.

## Gott að forðast ofnæmisvakann

Þeir sem eru með frjókornaofnæmi geta sjálfir gert eitt og annað til að halda einkennum niðri. Ráð er að sofa ekki við opinn glugga, þurrka þvott innandyra, nota stór sólgleraugu og jafnvel hatta eða húfur og skola andlit og hár reglulega með vatni. Þá ættu þeir sem eru með ofnæmi fyrir grasfrjói ekki að slá gras.

Nánari uppl. www.ao.is www.ni.is.








Guli miðinn

# Leggðu heilsunni lið



Liðaktín Quatro í Gula miðanum inniheldur sérvalda blöndu bætiefna sem styðja við heilbrigði liða. Blandan hefur um árabil verið eitt vinsælasta liðabætiefnið á Íslandi enda hefur hún hjálpað mörgum að draga úr einkennum liðavandamála og koma í veg fyrir áreynsluáverka.

Liðaktín Quatro inniheldur bæði vítamín og fitusýrur sem vinna saman að því að draga úr óþægindum, vegna bæði álags og slits. Meðal innihaldsefna eru kondrotitín, hyaluronsýra, C–vítamín, rósaber og Omega 3 fitusýrur. Saman stuðla þessi efni að framleiðslu kollagens, veita liðunum mikilvæga smurningu, verja þá gegn höggum og álagi og vinna gegn bólgum.

**Þú finnur Liðaktín Quatro undir merki Gula miðans í apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum verslana.**




**Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is**

# Grillsumarið nálgast óðum

Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, bíður spenntur eftir grillsumrinu sem er fram undan. Hann gefur lesendum hér uppskriftir að þremur ljúffengum og ilmandi grillsósum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Þótt lítið sjáist til sólar þessa dagana á suðvesturhorni landsins er Ragnar Freyr Ingvarsson, best þekktur sem læknirinn í eldhúsinu, svo sannarlega farinn að huga að grillsumrinu. „Við hjónin erum að undirbúa pallinn okkar þar sem við erum að koma fyrir heitum potti og eldunaraðstöðu. Ég er að sjálfsögðu búinn að þrífa grillið, kaupa kol og fylla á gaskútinn fyrir vertíðina sem er að ganga í garð. Þó að ég grilli einstaka sinnum yfir vetrarmánuðina þá er sumarið óneitanlega tíminn þar sem grillið er mest notað.“

Hann segist vera nafntoguð kjötæta en í sumar ætli hann að leggja áherslu á að grilla íslenskt grænmeti. „Ég hef viðað að mér nokkrum matreiðslu- og grillbókum til að hafa til hliðsjónar en svo ætti hráefnið sem er innan seilingar líka að geta veitt manni innblástur. Við Íslendingar búum við það ríkidæmi að eiga ofgnótt af ljúffengu hráefni til að elda og þar er grænmetið engin undantekning.“



Choronsósan er ljúffeng smjörsósa í ætt við béarnaisesósu og inniheldur tómatmauk.

Góðar sósur lyfta grillmatnum upp í hæstu hæðir og hér gefur Ragnar þrjár uppskriftir úr smiðju sinni. „Fyrst má nefna choronsósu sem er ljúffeng smjörsósa í ætt við béarnaisesósu nema hún er bætt með tómatmauki. Hún hentar frábærlega vel með stórsteikum, eins og entrecôte.

Næst er dásamleg paprikusósa sem inniheldur m.a. papriku, chili og eggaldin og fer afar vel með grilluðu kjöti.

Að lokum er það fagurgræn og ilmandi myntusósa sem hentar með nær öllum grillmat, ekki síst lambakjöti.“



Ragnar Freyr Ingvarsson, best þekktur sem læknirinn í eldhúsinu.

## Choronsósa

**4 eggjarauður**
**200 g smjör**
**2 tsk. tómatmauk**
**1 skalottulaukur**
**45 ml hvítvinsedik**
**45 ml hvítvín**
**1 grein ferskt fáfnisgras**
**10 piparkorn**
**1 msk. smátt skorið ferskt fáfnisgras**
**Salt og pipar**

Útbúið béarnaisebragðbætinn með því að setja hvítvín, hvítvínsedik, fáfnisgras, gróft skorinn skalottulauk og piparkorn í pott og hleypið suðunni upp. Sjóðið niður þar til tvær matskeiðar eru eftir. Síið bragðbætinn.

Setjið eggjarauður í skál og hrærið bragðbætinum saman við. Setjið skálina yfir vatnsbað og hrærið í eggjunum. Gætið þess að hita þau ekki of mikið, annars breytast þau bara í eggjahræru.

Þegar eggin fara að þykkna (pískurinn myndar þéttar rákir í eggjunum) er hægt að byrja að bæta smjörinu rólega saman við (vanir geta sett brætt smjör, óvanir ættu heldur að nota kalt smjör í teningum til að hafa betri hitastjórn á sósunni). Takið ykkur tíma, hrærið stöðugt og bætið smjörinu rólega út í rauðurnar, sérstaklega í byrjun.

Þegar allt smjörið hefur verið þeytt inn í sósuna er tómatmaukinu hellt saman við og þeytt áfram þannig að sósan haldist þykk og girnileg.

Fínsaxið fáfnisgras og sáldrið yfir sósuna. Smakkið til með salti og pipar.



Ilmandi myntusósan hentar frábærlega með grilluðu lambakjöti.

## Myntusósa

**2 plöntur fersk mynta**
**1 planta ferskt kóríander**
**Handfylli af steinselju**
**2 stk. grænn chilipipar (kjarnhreinsaður)**
**1 grænt epli (kjarnhreinsað)**
**2 hvítlauksrif**
**2 tsk. hlynsíróp**
**1 msk. jógúrt**
**2 msk. jómfrúarolía**
**¼ tsk worcestershiresósa (Lea & Perrins)**
**½ msk. garam masala**
**Salt og pipar**

Setjið myntu, kóríander og steinselju í matvinnsluvél ásamt grænum chili, hvítlauk og gróft hökkuðu epli. Brytjið vandlega í matvinnsluvélinni. Blandið næst hlynsírópi, jógúrt og olíu saman við.

Smakkið sósuna til með worcestershiresósu, garam masala og salti og pipar.



Dásamleg paprikusósa inniheldur m.a. papriku, chili og eggaldin.

## Dásamleg paprikusósa

Hér er lykillinn að grilla paprikurnar og chilipiparinn. Ef húðin brennur er hún einfaldlega fjarlægð.

**3 rauðar paprikur**
**2 rauðir chilibelgir**
**1 eggaldin**
**4 msk. jómfrúarolía**
**1 rauðlaukur**
**4 hvítlauksrif**
**Safi úr ½ sítrónu**
**Salt og pipar**

Veltið heilum paprikum, eða bitum, og chilibelgjum upp úr jómfrúarolíu og grillið á blússhita þar til húðin á paprikunum fer að brenna. Eldið eggaldinið með sama hætti. Skerið lauk og hvítlauk afar smátt. Takið brenndu húðina af chilipiparnum og paprikunum og setjið þær í matvinnsluvélina með lauknum. Skafið innan úr eggaldininu og blandið saman við. Blandið að lokum sítrónusafa saman við og smakkið til með salti og pipar.



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Rav4 vx hybrid. Árgerð 2017, ekinn 14 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. vel búinn og fallegur bíll Ásett verð 5.990.000. Rnr.289307.



TOYOTA Hilux d/c gx diesel. Árgerð 2017, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.Bakkmyndavél, dráttarkrókur om.fl Ásett verð 6.290.000. Rnr.289603.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Hópferðabílar




**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
**UTANBORÐSMÓTORAR**




| | |
|---|---|
| **Léttir** | **Kraftmiklir** |
| **Fyrirferðalitlir** | **Sparneytnir** |
| **Hljóðlátir** | **3,5-250 hö** |

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**



**NÝTT - NÝTT - NÝTT**
**HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**ALMENN GARÐVINNA**

**SLÁTTUR OG KLIPPINGAR OFL.**

**HALLDÓR GARÐYRKJUMAÐUR.**
**S: 698 1215**

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**Jarðvinna**
**Drenlagnir**
**Skólplagnir**
**Lóðavinna**
**Gerum tilboð**
**S & H ehf**
**Uppl. í s: 823-7473**

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Spádómar

**Nympha-dora**
**Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan**
VISA **562 8211** EURO

## Keypt & Selt

## Til sölu

**HUMARSALAN**

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**





**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

**SMIÐA.IS**
óskar eftir að ráða smiði eða menn vana smíðavinnu til hinna ýmsu smíðastarfa. Uppl. í s. 899 7262 og smida@smida.is

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Til greina kemur að ráða mótagengi.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
### KR-svæði
### Breytt landnotkun

Þann 3.maí 2018 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varðar breytta landnotkun á íþróttasvæði KR við Kaplaskjólsveg. Til skoðunar er að breyta afmörkuðu svæði meðfram Kaplaskjólsvegi og Flyðrugranda þannig að fjölþættari landnotkun verður heimil.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is)***. Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 28. maí 2018. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

### Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.
### Sjómannaskólareitur (Þ32) Veðurstofuhæð (Þ35)
### Breytt landnotkun - Fjölgun íbúða

Þann 3.maí 2018 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er varðar breytta landnotkun á svæðum samfélagsþjónustu á svokölluðum Sjómannaskólareit (þróunarsvæði 32) og Veðurstofuhæð (þróunarsvæði 35). Til skoðunar er að breyta landnotkun á hluta svæðanna, þannig að almennar íbúðir verði heimilar á viðkomandi reitum.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is*** fyrir 28. maí 2018. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



# Stofnanda áhugamannafélagsins IWF svarað



Gunnar Steinn Gunnarsson
líffræðingur

Þann 28. mars 2018 birtist í Fréttablaðinu grein eftir Ingólf Ásgeirsson. Þar gefur hann sig út fyrir að tala máli náttúruverndarsinna í stað þess að koma fram í nafni hagsmunaaðila sem hann sannarlega er. Fjallað hefur verið um viðskiptahugmyndir hans í fjölmiðlum, m.a. er hann leigði Þverá/Kjarrá fyrir 111,7 milljónir króna árlega í fimm ár.

Í grein Ingólfs kom fram að hann hafði haft samband við norska fræðimanninn Keven Glover í tilefni af nýbirtum rannsóknarniðurstöðum hans og umfjöllun um þær hérlendis. Niðurstöður Glovers benda til þess að þegar hlutfall sleppifiska í á verður um 5-10% í 50 ár verði áhrif erfðablöndunar mjög lítil. Það er ekki fyrr en hlutfallið fer upp í 30-50% sem breytingar verða augljósar á þessu sama tímabili. Niðurstöðurnar benda til þess að hætta á erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna sé stórlega ofmetin af leikmönnum.

Rannsókn Glovers tók til Norður-Atlantshafslax en það er sá lax sem er að finna bæði á Íslandi og í Noregi. Ingólfur gefur sér að niðurstöður rannsóknarinnar hafi ekki þýðingu hér á landi og að ekki sé hægt að heimfæra þær yfir á Ísland þar sem stofnar hér séu ólíkir þeim norsku. Hins vegar má benda Ingólfi á að sömu náttúrulögmál gilda á Íslandi og í Noregi. Reyndar mætti Ingólfur lesa fræðigreinar af meiri athygli áður en hann ríður fram á ritvöllinn, en í grein Glovers kemur einmitt fram að því óskildari sem aðkomulaxinn er villta laxinum því ósennilegra er að hann skilji eftir sig spor.

Í grein Glovers kemur fram að samsetning ákveðinna þátta, eins og lítill árangur eldislaxins við hrygningu, náttúrulegt val sem hyglir aðlöguðum fenótýpum/genótýpum frá hinum villtu stofnum sem og fenótýpískur sveigjanleiki, dregur úr hraða og stærðargráðu breytinga í fenótýpum/genótýpum og lýðfræðilegum einkennum villta laxastofnsins sem hefur upplifað innstreymi frá eldislaxi. Þetta er í samræmi við niðurstöður annarra aðila í fræðaheiminum svo sem Hindar, Norsku hafrannsóknastofnunarinnar og fleiri. Það þarf mikla, stöðuga og viðvarandi innblöndun af eldislaxi í áratugi til að hætta á erfðablöndun sé raunveruleg (Hindar; 2006, 2017). Um þetta eru fræðimenn nokkuð sammála í Noregi og víðar.

Í grein sinni kemur Ingólfur Ásgeirsson fram sem einn af stofnendum Icelandic Wildlife Fund. Af þessu enska heiti félagsins myndu menn ætla að um væri að ræða öflug náttúruverndarsamtök sem hefðu rödd á alþjóðavettvangi en þegar betur er að gáð reynist Icelandic Wildlife Fund vera óþekkt sjálfseignarstofnun. Hér á þessari afskekktu og fámennu eyju hafa fyrirbæri í gegnum tíðina fengið stærri nöfn en innistæða er fyrir eða leitast hefur verið við að upphefja heitið með útlenskum blæ. Slíkt er að mörgu leyti falleg og saklaus sveitamennska.

Það sem vekur hins vegar furðu er að sjá mann stíga fram í tómstundum sínum sem stofnanda samtaka til verndar náttúrunni og hugsjónamann á meðan sá sami hefur að aðalstarfi að fljúga breiðþotum um heiminn á krítískum tímum „global warming“ eða hnatthlýnunar. Það er allt að því leikhúsleg upplifun að sjá menn gefa sig út fyrir að vera baráttumenn fyrir villtri náttúru á sama tíma og þeir verja dögum sínum í að skilja eftir sig stór kolefnisspor í einni mest mengandi atvinnustarfsemi sem stunduð er. Sé stofnanda framangreindra náttúruverndarsamtaka alvara ætti hann að hafa í huga þá gullnu reglu að byrja á að breyta sjálfum sér ætli maður að breyta heiminum. Að sýna gott fordæmi væri eðlilegt fyrsta skref.

**Niðurstöðurnar benda til þess að hætta á erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna sé stórlega ofmetin af leikmönnum.**










GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Seinna tilboð Ítalanna heillaði

**Landsliðsmaðurinn Martin Hermannsson fékk spennandi tilboð frá Ítalíu en félag hans í Frakklandi vildi ekki sleppa honum strax. Samningur hans hjá Chalon rennur út í sumar og veit hann af áhuga stærri liða.**



Martin ber upp boltann fyrir Chalon-Reims í leik í Frakklandi en hann hefur verið einn albesti leikmaður liðsins á sínu fyrsta ári í efstu deild. Hafa stærri lið sýnt honum áhuga en hann verður samningslaus í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsbakvörðurinn Martin Hermannsson er eftirsóttur maður þessa dagana. Ítalska félagið Felice Scandone hafði áhuga á að fá Martin til liðs við sig undir eins en Chalons-Reims, félag hans, vildi ekki missa hann. Hafði ítalska félagið hug á því að bæta Martin við fyrir úrslitakeppnina sem hefst á næstu dögum. Óskaði umboðsmaður Martins eftir því að hann yrði leystur fyrr undan samningi í Frakklandi þar sem hann á eitt ár eftir af samningi. Chalon samþykkti það ekki enda tvær umferðir eftir af deildarkeppninni og getur Chalon enn tölfræðilega fallið. Var því engin áhætta tekin.

**Komu aftur með betra tilboð**

Í samtali við Fréttablaðið segir Martin frá því að þetta hafi ekki verið í fyrsta sinn sem hann hafi heyrt frá ítalska félaginu. Þeir hafi fyrst haft samband fyrir tveimur vikum með tilboð sem honum leist ekki vel á og ákvað hann að hafna því. Þeir sneru aftur með betra tilboð sem Martin leist betur á en franska liðið hafnaði því.

„Umboðsmaðurinn minn talaði fyrst um þetta fyrir mánuði síðan hvort ég væri opinn fyrir því að klára tímabilið einhvers staðar annars staðar. Ég var tilbúinn að skoða allt og ég heyrði fyrst frá Felice Scandone fyrir tveimur vikum en afþakkaði það,“ segir Martin sem vildi ekki fara til að sitja bara á bekknum.

„Svo komu þeir með betra boð fyrir viku, það kveikti aðeins í manni þegar þeir sýndu hvað þeir vildu mikið fá mig til liðs við liðið. Fyrst og fremst vildi ég vera viss um að vera ekki bara trygging ef einhver skyldi meiðast, mér fannst ekkert vit í því að fara og sitja bara á bekknum en seinna boðið sem var líka út úrslitakeppnina hljómaði betur.“

**13,9**

**Martin er stigahæstur hjá Chalon-Reims í deildinni með 13,9 stig að meðaltali í leik í vetur.**

Martin líður vel í Frakklandi og var rólegur yfir ákvörðun Chalon.

„Þetta var sérstök tilfinning, ég er ekkert óánægður hér en gaf umboðsmanninum grænt á að kanna allavega stöðuna hjá Chalon, hvort þeir væru til í að skoða þetta en ég var ekkert að krefjast þess að fara,“ segir Martin en hann á von á fyrsta barni sínu á næstu mánuðum með kærustu sinni.

„Okkur hefur liðið vel hér í Frakklandi og þetta var ekkert besti tíminn til að yfirgefa landið. Það hefði verið púsluspil en hefði gott tækifæri boðist eins og kom upp vorum við tilbúin að skoða það.“

**Stærri lið sýna áhuga**

Samningur Martins í Frakklandi rennur út á næstu vikum en hann hefur vakið mikla athygli fyrir vaska frammistöðu sína með Chalon og íslenska landsliðinu.

„Ég á von á því að þegar tímabilinu í Evrópu lýkur, þá fari fleiri lið að hafa samband. Þetta ár í Frakklandi var hugsað til þess að sýna að ég gæti spilað á þessu getustigi og að eitthvað stærra kæmi út frá því. Ég reyni að taka þetta í skrefum, ég vildi frekar feta mig áfram heldur en að hoppa strax út í djúpu laugina,“ segir Martin sem vill ekki nefna nein lið.

